# FRÉTTABLAÐIÐ

256. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 2. NÓVEMBER 2015




**Jóga á öllum aldri** Alda Magnúsdóttir er jógakennari á áttræðisaldri sem kennir eldri borgurum jóga í íbúðarhúsnæði aldraðra á Seltjarnarnesi. Elsti þátttakandinn er 93 ára. Sjá síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Svar heilbrigðisráðherra kemur á óvart

**Skilja má svar heilbrigðisráðherra um mönnun á Landspítalanum sem svo að ástandið sé viðunandi. Framkvæmdastjóri hjúkrunar segir svarið ekki í takt við mat spítalans. Innan spítalans eru miklar áhyggjur af mönnun heilbrigðisstétta á næstu misserum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Í svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við spurningu Steingríms J. Sigfússonar um mönnun heilbrigðisþjónustunnar kemur fram að fjölgun hjúkrunarfræðinga hefur verið hraðari en spár hafi gert ráð fyrir. Mætti skilja svarið þannig að ástandið varðandi mönnun sé viðunandi að sérfræðigreinum undanskildum.

„Við gætum ráðið um 100 hjúkrunarfræðinga í stöður hjá okkur strax í dag. Á næstu þremur til fjórum árum er áætlað að 900 hjúkrunarfræðingar öðlist rétt til töku lífeyris á Íslandi en á sama tíma erum við að útskrifa rúmlega 400 hjúkrunarfræðinga. Þetta svar heilbrigðisráðherra er því ekki í takt við mat okkar hér á spítalanum,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum.

> Við gætum ráðið um 100 hjúkrunarfræðinga í stöður hjá okkur strax í dag.
>
> Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH

Sigríður segist ekki hafa undir höndum þau gögn sem velferðarráðuneytið byggir á í svarinu til Steingríms, en segir að innan spítalans séu „verulegar áhyggjur af skorti á heilbrigðisstarfsfólki“ á næstu misserum.

„Ég veit ekki hvernig ber að leggja út frá svari heilbrigðisráðherra en mín tilfinning hefur verið sú að fyrirsjáanlegur sé verulegur skortur á hjúkrunarfræðingum.“

**- shá /** **sjá síðu 10**

## Keyptu fyrir 3,6 milljarða í íslenskum verslunum

**VIÐSKIPTI** Kortavelta erlendra ferðamanna nam 22,2 milljörðum króna í ágúst síðastliðnum. Það er 30,7 prósenta aukning á milli ára.

Kortavelta í íslenskum verslunum nam 3,6 milljörðum króna sem er 22 prósenta aukning milli ára. Verslun ferðamanna er því farin að hafa töluverð áhrif, sér í lagi í Reykjavíkurborg, sem 97 prósent ferðamanna heimsóttu árið 2014.

Mikil umræða hefur verið um fjölgun minjagripabúða í miðbæ Reykjavíkur. Hins vegar nam kortavelta í þeim búðum einungis 15 prósentum af heildarkortaveltu erlendra ferðamanna í september. Verslunarmenn á Laugavegi, sem Fréttablaðið ræddi við, segjast hafa fundið fyrir aukningunni í áhuga ferðamanna á verslunum sem ekki eru sérsniðnar fyrir ferðamenn.



Jakob Frímann Magnússon

„Þessar sjarmerandi sérverslanir eins og Brynja og Vísir sem eru með „kaupmanns á horninu“ stemningu höfða auðvitað alveg sérstaklega til þeirra ferðamanna sem sjá slíkt varla neins staðar annars staðar í heiminum lengur,“ segir Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar.

**- sg /** **sjá síðu 8**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um óttastjórnun á RÚV. 12-14

**SPORT** Arnór Ingvi varð Svíþjóðarmeistari með Norrköping. 16

**MENNING** Stórsveit Reykjavíkur og Jóel Pálsson í Kaldalóni í kvöld. 22-26

**LÍFIÐ** Er hægt að drepa kaktus? 28-30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FASTEIGNIR** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Dale Carnegie

ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMI

Hótel Natura

3. nóvember kl. 20.00-21.00

Skráning á **dale.is**

The Quality Management System of Dale Carnegie© Global Services is ISO 9001 certified.

Dale Carnegie® Þjálfun

## Veður



Það er útlit fyrir tiltölulega meinlaust haustveður hjá okkur næstu daga, enginn stormur eða stórhríð í kortunum. Í dag verður sunnan 8 til 13 metrar á sekúndu og skúrir, en bjartviðri norðaustantil á landinu. Hiti 3 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 20

# Löggan sækir um störf flugliða

**ATVINNA** Fimm hundruð manns þreyttu inntökupróf í gær til að gerast flugliðar hjá Wow Air, en alls bárust um fimmtán hundruð umsóknir. Flugfélagið kemur til með að ráða hundrað manns .

„Við finnum sannarlega fyrir þessum aukna áhuga á starfi flugliða. Í ár sækja þrjú hundruð fleiri um en í fyrra, segir Svana Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi Wow Air. Hún segir umsækjendur koma úr öllum áttum samfélagsins og nefnir hjúkrunarfræðinga, læknanema, verkfræðinga, leikara og lögfræðinga í því samhengi. „Þá sjáum við að lögregluþjónar eru að sækja í sig veðrið meðal umsækjenda og hafa umsóknir frá þeim aldrei verið fleiri en nú.“

Þá virðist karlpeningurinn sömuleiðis líta starf flugliða hýru auga í auknum mæli, en af þeim fimm hundruð sem boðaðir voru til prófs, voru áttatíu karlar. „Við fengum fimmtíu karla í fyrra, en áttatíu núna,“ útskýrir Svana og má þar með sjá sextán prósenta aukningu í umsóknum karla í störfin milli ára.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segist ekki finna fyrir neinni sérstakri aukningu í starf flugliða hjá fyrirtækinu. Umsóknir séu almennt á bilinu fimmtán hundruð til tvö þúsund. Hann segir starfið alltaf njóta ákveðinna vinsælda. **- ga**

> Við finnum sannarlega fyrir þessum aukna áhuga á starfi flugliða. Í janúar í fyrra sóttu rúmlega tólf hundruð manns um að fá að taka prófið. Nú sækja þrjú hundruð fleiri um sömu störf
>
> Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi Wow Air

# Tjörnin hreinsuð



**Tekið til við Ráðhúsið** Borgarstarfsmaður skolar botn tjarnarinnar við Ráðhús Reykjavíkur eftir að vatnið hafði verið tæmt úr tjörninni í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

# Áfengisneysla kvenna eykst

**LÝÐHEILSA** Áfengisneysla karla hefur lítillega dregist saman frá hruni en hún hefur aukist um tvö prósent meðal kvenna. .

Þetta kemur fram í Talnabrunni, fréttabréfi Landlæknisembættisins, en þar eru neysluvenjur áfengis sérstaklega skoðaðar.

Litlar breytingar eru á neyslumynstri Íslendinga á áfengi árin 2007, 2009, 2012 og 2014 að árinu 2009 undanskildu. Það ár dróst neysla nokkuð saman og talið er að orsökin sé efnahagshrunið.

Sala á áfengum drykkjum hefur jafnt og þétt aukist frá árinu 1986 og er nú um 7,2 lítrar á hvern Íslending yfir 15 ára aldri.

Almennt stunda karlar meiri ölvunardrykkju en konur. Ölvunardrykkja karla hefur þó dregist verulega saman eða úr 55 prósentum í 45 prósent frá árinu 2007. Þá hefur ölvunardrykkja kvenna aukist úr 20 prósentum árið 2007 í 24 prósent árið 2012. **- srs**

# Elsti neminn í jóga eldri borgara er 93 ára

Allt að 40 eldri borgarar koma saman tvisvar í viku á Seltjarnarnesi til að iðka jóga. Eykur hreysti þeirra og hamingju, segir Alda Magnúsdóttir jógakennari sem lærði fyrst jógaiðkun á sextugsaldri enda enginn of gamall fyrir jóga.

**SAMFÉLAG** Þegar Alda Magnúsdóttir hóf að kenna jóga fyrir rúmum áratug kenndi hún þrennum hjónum íþróttina á heimili sínu. Tvenn hjón voru fyrir framan hana þegar hún kenndi þeim jógastöðurnar en þau þriðju voru fyrir aftan hana, í öðru herbergi vegna skorts á rými.

Nú kennir Alda, sem er 72 ára, allt að 40 eldri borgurum jóga í sal í íbúðarhúsnæði aldraðra á Seltjarnarnesi. Elsti þátttakandinn er 93 ára.

Eftir að hafa sjálf lært jógaiðkun í kringum árið 2000 ákvað Alda, sem starfaði sem sjúkraliði þar til hún var 67 ára, að læra jógakennslu

„Jóga veitir gleði og frið og mig langaði til að miðla því til annarra. Ég byrjaði jógakennsluna með þrenn hjón til að styrkja hjónaband þeirra."

Alda, sem einnig kenndi í Jassballettskóla Báru í nokkur ár, segir nokkur hjón í hópi eldri borgaranna sem iðka jóga með henni tvisvar í viku, hálfa klukkustund í senn. Hún segir gleðina skína af þeim og öllum öðrum í hópnum

„Við gerum nokkrar jógastöður en leggjum mesta áherslu á öndunina. Fólkið talar um að þetta geri því gott. Þau eru öll rosalega glöð. Jóga hefur verið stundað í um sex þúsund ár og eykur hreysti og hamingju.“

Að sögn Öldu eru sumir í hópnum að hefja jógaiðkun í fyrsta skipti. „Það er enginn að spá í hvernig aðrir gera jógastöðurnar. Það hugsar hver og einn um að öðlast kyrrð og ró í hugann. Við erum oftar en ekki með hálflokuð augu.“



**„Jóga veitir gleði og frið og mig langar að miðla því til annarra,“ segir Alda Magnúsdóttir jógakennari sem er fremst á myndinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Jóga veitir gleði og frið og mig langaði til að miðla því til annarra. Ég byrjaði jógakennsluna með þrenn hjón til að styrkja hjónaband þeirra.
>
> Alda Magnúsdóttir jógakennari

Hún tekur fram að hugarfarsbreyting verði hjá þeim sem stunda jóga vegna bættrar andlegrar og líkamlegrar líðanar. „Fólk á öllum aldri getur iðkað jóga. Nú er til dæmis farið að iðka bæði jóga og hugleiðslu í leikskólum.“

ibs@frettabladid.is




# Borgaðu og fáðu greitt með farsímanum!




### Aur

Þegar þú borgar með Aur er tekið út af kortinu þínu. Ef aðrir greiða þér er lagt inn á bankareikninginn þinn.

### Fljótlegt

Þú þarft bara að vita símanúmer þess sem þú ætlar að borga. Ekki kennitölu og bankaupplýsingar.

### Einfalt

Sláðu inn upphæð og símanúmer þess sem þú ætlar að borga, eða veldu tengilið úr símaskrá.

aur

**Náðu þér í Aur**

Aur | **www.aur.is** | App Store | Google Play

Kortaupplýsingar eru geymdar hjá Borgun samkvæmt PCI DSS öryggisstaðli.

# Heildarjöfnuður ríkissjóðs 17 milljörðum jákvæðari en áætlað var

**STJÓRNMÁL** Tekjur ríkissjóðs aukast um 26 milljarða samkvæmt fjáraukalögum fyrir árið 2015. Þar munar mestu hagnaður vegna skatttekna upp á 14 milljarða króna auk 15 milljarða hærri arðgreiðslu fjármálafyrirtækja. Fjáraukalög voru birt á vef Alþingis á laugardaginn.

Heildarjöfnuður ríkissjóðs er um sautján milljörðum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Aukagjöld í fjáraukalögum eru hvað mest innan innanríkisráðuneytisins. Þar má til að mynda nefna aukin útgjöld vegna móttöku hælisleitenda en þau nema 450 milljónum króna aukalega vegna óvænts fjölda hælisumsókna.

Þá renna aukalega um þrír milljarðar króna til Vegagerðarinnar vegna framkvæmda og þjónustu. Meðal annars voru útgjöld vegna snjómoksturs meiri en gert var ráð fyrir.

Þá voru útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 716 milljónir króna.

**14 milljarða**
**hagnaður er vegna skatttekna**

Þá rennur nokkuð fjármagn aukalega í réttarkerfið, til að mynda 705 milljónir í málskostnað í opinberum málum og 406 milljónir í embætti Sérstaks saksóknara. Hærri útgjöld vegna málskostnaðar stafar meðal annars af hækkun málsvarnarlauna og þóknun til verjenda.

Lagt er til í frumvarpinu að fjárheimildir innanríkisráðuneytisins verði auknar um 5,9 milljarða króna.

Þá voru útgjöld fæðingarorlofssjóðs 215 milljarðar umfram áætlun þar sem fleiri karlmenn sóttu um orlofsbætur en ráð var gert fyrir. **- srs**



Umferðareftirlitið felst meðal annars í eftirliti með stærð og þyngd ökutækja, frágangi farms og aksturs- og hvíldartímareglum. Talið er að eftirlitið verði skilvirkara með því að flytja það til lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN



Indónesi reynir að berjast við eldinn. NORDICPHOTOS/AFP

# Kveikt í regnskógum til þess að rækta olíupálma

**INDÓNESÍA** Ríkisstjórn Indónesíu íhugar að lýsa yfir neyðarástandi í ríkinu vegna skógarelda sem hafa þar geisað vikum saman. Alvarlegustu eldarnir eru á eyjunum Súmötru og Borneó.

Þúsundir dýra hafa dáið og önnur veikst vegna eldanna og reyksins og þá hafa nítján menn látið lífið vegna reykeitrunar. Einnig hefur hálf milljón manna fengið sýkingu í öndunarfæri. Sextán milljón tonn af koltvísýringi losna við brunann á degi hverjum, meiri koltvísýringur en losnar í Bandaríkjunum í heild sinni, ríki með tuttugu sinnum stærri efnahag en Indónesía.

Mestu eldarnir eru á svæðum þar sem kveikt hefur verið í regnskógum til að hægt sé að rækta timbur fyrir pappír og pálma vegna olíunnar sem er síðan selt á heimsmarkað.

Þykkan reyk leggur nú yfir meirihluta landsins og hluta Singapúr og Malasíu og hefur þurft að loka flugvöllum, skólum og fleiri stofnunum. Ríkisstjórn Singapúr hefur einnig hótað að lögsækja fyrirtækin og einstaklingana sem kveikt hafa eldana. **- þea**

# Störf Samgöngustofu flytja út á landsbyggð

**Áætlað er að umferðareftirliti Samgöngustofu verði dreift milli lögregluembætta í landsbyggðunum. Fjórir starfsmenn munu flytjast með störfum sínum.**

**STJÓRNSÝSLA** Flytja á sjö stöðugildi Samgöngustofu við umferðareftirlit til lögregluembætta úti á landi. Þrjú fara á Norðurland eystra, tvö á Vesturland og tvö á Suðurland. Norðvesturnefnd forsætisráðherra lagði til að störfin yrðu flutt á sitt svæði en fær engin stöðugildi til sín.

Norðvesturnefndin sem sett var á laggirnar af forsætisráðherra, lagði til að fjögur stöðugildi við umferðareftirlit Samgöngustofu yrðu flutt til lögreglunnar á Norðurlandi vestra sem lið í að efla atvinnu og styrkja stoðir byggðar innar. Þessar tillögur voru sendar forsætisráðuneytinu og hafa verið í ár í vinnslu. Það kemur því á óvart að þær fái náð ráðuneytisins en störfin séu flutt í önnur umdæmi.

Nefndin var skipuð af forsætisráðherra til þess að bæta atvinnuástand á Norðurlandi vestra. Fjöldi tillagna barst forsætisráðuneytinu fyrir ári en engin þeirra hefur enn hlotið hljómgrunn í ráðuneytum.

> **Þetta sýnir okkur svart á hvítu að það er hægt að flytja störf út á land.**
>
> Stefán Vagn Stefánsson, formaður bæjarráðs Skagafjarðar og formaður Norðvesturnefndar forsætisráðherra



Stefán Vagn Stefánsson, formaður bæjarráðs Skagafjarðar og formaður Norðvesturnefndar forsætisráðherra, telur skrítið að þessar tillögur hafi ekki náð fram að ganga. „Hins vegar fagna ég því að það er verið að færa störf frá höfuðborginni til landsbyggðarinnar. Þetta sýnir okkur svart á hvítu að það er hægt að flytja störf út á land. Úrtölumenn þessarar skýrslu sögðu ekki mögulegt að framkvæma þessar tillögur en annað hefur komið á daginn,“ segir Stefán Vagn.

Í svari ráðuneytis við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að markmiðið sé að gera eftirlitið skilvirkara og tengja það lögregluembættum sem fara einnig með önnur umferðarlagabrot. „Þannig verður samtímis hægt að kanna til dæmis ökuréttindi ökumanns, ástand ökumanns með tilliti til ölvunar og vímuefnaneyslu, eftirlit með hraða og svo framvegis. Af því mun leiða betri nýting fjármuna.

Öllum umferðareftirlitsmönnum Samgöngustofu var boðið að flytjast til lögreglu en þrír starfsmenn af sjö þáðu ekki flutninginn. Embættin munu því ráða hvert um sig einn lögreglumann í stað þeirra sem ekki þáðu flutning í starfi.“ **sveinn@frettabladid.is**

# Norrænt samstarf ber ávöxt vestanhafs

**UPPLÝSINGATÆKNI** Unnið er að stofnun frumkvöðlaseturs undir hatti norrænnar samvinnu í grennd við New York á austurströnd Bandaríkjanna. Rétt rúmt ár er síðan slíkt setur var opnað á vesturströndinni í Kísildalnum við San Francisco.

Bárður Örn Gunnarsson, yfirmaður upplýsingamála hjá Nordic Innovation, sem er hluti af Norræna ráðherraráðinu, segir frumkvöðlasetrið Nordic Innovation House (NIH) í Kísildalnum hafa slegið í gegn. „Og nú hefur Nordic Innovation ákveðið að styðja enn frekar við setrið. Ætlunin er að þróa hugmyndina áfram og víkka út starfsemina,“ segir hann.

Fjölmörg norræn fyrirtæki hafa nýtt sér þjónustu NIH, svo sem íslenska fyrirtækið Bungalo. Bárður segir starfsemina gefa tæknifyrirtækjum færi á að sækja inn á bandaríska markað, með slagkrafti og aðstöðu sem annars væri erfiðara að verða sér úti um.



Frá opnun útibús NIH í Masdar í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. MYND/NIH

> **Nú hefur Nordic Innovation ákveðið að styðja enn frekar við setrið. Ætlunin er að þróa hugmyndina áfram og víkka út starfsemina.**
>
> Bárður Örn Gunnarsson, yfirmaður upplýsingamála hjá Nordic Innovation

Í NIH segir Bárður Örn fyrirtækin geta nýtt sér þjónustu setursins, leigt vinnuaðstöðu, haldið úti „sýndarskrifstofu“ sem þau nota þegar fulltrúar þess eru á svæðinu, og haft aðgang að fjárfestum og ráðgjöfum, auk þess að geta haft samstarf sín á milli og við fyrirtæki á markaðnum. **- óká**



www.ils.is 569 6900 08:00–16:00

# Við eigum 60 ára afmæli

Íbúðalánasjóður

**Í dag eru liðin 60 ár frá því að fyrsta opinbera íbúðalánið, upp á 50.000 kr. var gefið út — einmitt fyrir þetta hús í smáíbúðahverfinu.**

Okkar hlutverk hefur frá upphafi verið að stuðla að jafnvægi og að allir hafi jafna möguleika á að eignast húsnæði, hvar sem er á landinu.

Sjóðurinn á sér langa og merkilega sögu og við erum öll hluti af henni.

Hjá okkur færðu óháða og trausta ráðgjöf, hvort sem þú ætlar að kaupa eða leigja, þannig að þú vitir örugglega hvað þú ert að fara út í.

**Hafðu okkur með í ráðum**



# Mannvonska að loka fólk með þroskahömlun inni

**MANNRÉTTINDI** Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar, segir mannvonsku að loka fólk með þroskahömlun og geðfatlanir inni í fangelsum árið 2015. Fréttablaðið sagði frá því á laugardag að maður frá Hollandi sem er með þroskahömlun sé nú í einangrun á Litla-Hrauni grunaður um stórfellt fíkniefnasmygl.

Páll Winkel, fangelsismálastjóri ríkisins, segir ófremdarástand í heilbrigðismálum fanga hafa verið gagnrýnt árum saman en ekkert hafi breyst. Hann segir málið ekki einsdæmi og að það sé ekki í lagi.

Bryndís segir Pál lýsa meðferð á fólki sem sé bönnuð samkvæmt lögum.

Hún bendir á að það þurfi sérstakt leyfi nefndar sem starfi innan heilbrigðisráðuneytisins til að beita fatlað fólk nauðung eða þvingunum, ef aðstæður kalli á slíkt. „Ef menn þurfa að beita því sem um er rætt þarf sérstakt leyfi. Ég velti því fyrir mér hvort fangelsisstjóri hafi fengið leyfi fyrir þessum aðferðum,“ segir Bryndís.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, tekur í sama streng og Bryndís og segir óþolandi að mannréttindi séu brotin á fötluðu fólki í fangelsum til að spara ríkinu einhverjar krónur.

Anna segir yfirvöld hafa lofað úrbótum fyrir tíu mánuðum þegar ljóst var að alvarlega geðsjúkur maður fengi ekki reynslulausn, þar sem honum væri ekki treystandi til þess. **- þká**

# Óvenjulegur dansleikur



**Dansað í blóði** Í tilefni af hrekkjavökunni var heimsins fyrsta blóðreif haldið í Amsterdam í gær. Á meðan gestir dönsuðu við dynjandi raftónlist sturtaðist blóð yfir þá úr krönum í loftinu. Umgjörð og þema danspartísins var undir áhrifum kvikmyndarinnar Blade. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# Kostar meira að breyta flugi en að panta nýtt

**Farþegi sem keypti innanlandsflug í gegnum Icelandair var gert að greiða rúmar tuttugu þúsund krónur fyrir að breyta innanlandsflugi. Upplýsingafulltrúi Icelandair segir þetta mál gefa tilefni til að breyta framkvæmd flugskilmála.**

**NEYTENDUR** Guðrún Björk Guðmundsdóttir þurfti að greiða sem samsvarar 21.300 krónum fyrir að færa innanlandsflug sitt um nokkra daga eða mun meira en fargjaldið kostar. „Mér er bara gróflega misboðið,“ segir Guðrún Björk. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir tilefni til að endurskoða framkvæmd skilmála hér innanlands.

Guðrún Björk er búsett í Danmörku og keypti flug í einum pakka frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur og frá Reykjavík norður á Akureyri með stuttum fyrirvara vegna veikinda í fjölskyldu. Átti hún samkvæmt bókun innanlandsflug þann 6. nóvember aftur til Reykjavíkur og heim til Kaupmannahafnar daginn eftir. Þegar hún þurfti svo að flýta för sinni til Reykjavíkur kostaði breytingin hana rúmlega 21.000 krónur.

Guðrún Björk er að vonum ósátt við það verð sem upp er gefið. „Þegar ég tjáði svo starfsmanninum að ég ætlaði þá bara að sleppa því að fljúga þennan legg og koma mér til Keflavíkur með ódýrari hætti var mér tjáð að ef ég mætti ekki í innanlandsflugið þann 6. nóvember myndi millilandaflugið til Kaupmannahafnar detta út. Þetta er auðvitað ekki bjóðandi fólki,“ segir Guðrún Björk. „Ef ég hefði keypt innanlandsflugið sér hefði það kostað mig á milli þrjú og sjö þúsund krónur að breyta innanlandsfluginu.“

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar en telur



Hægt er að bóka flug frá Akureyri til Reykjavíkur fyrir um 11 til 14 þúsund krónur. Til þess að breyta áður bókuðu flugi þurfti Guðrún hins vegar að greiða mun hærri fjárhæð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta dæmi er hins vegar glögglega tilefni til þess að endurskoða framkvæmdina varðandi þessa skilmála hér innanlands



Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair

það að flugfélagið þurfi kannski að endurskoða þetta gjald. „Hér eru keyptar fjórar flugferðir í einum pakka með þeim skilmálum að ef farþeginn mætir ekki í flug, þá telst hann hafa afþakkað þann hluta pakkans sem á eftir kemur. Vilji hann breyta ferð sinni, greiðir hann breytingagjald, og skiptir þá ekki máli hvaða fluglegg er um að ræða. Ferðaskilmálarnir í svona flugi gilda hvert sem leiðin liggur til t.d. Bandaríkjanna, Evrópu eða til Akureyrar og henta flestum. Þetta dæmi er hins vegar glögglega tilefni til þess að endurskoða framkvæmdina varðandi þessa skilmála hér innanlands,“ segir Guðjón.

sveinn@frettabladid.is


HONDA
The Power of Dreams
HONDA CR-V DÍSIL
MEÐ NÝRRI 9 GÍRA SJÁLFSKIPTINGU
- MEÐALEYÐSLA AÐEINS 5,1L/100KM
BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V - ENDALAUST BETRI
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# Ferðamenn kaupa ekki bara minjagripi

**Kortavelta erlendra ferðamanna í íslenskum verslunum hefur færst töluvert í aukana undanfarin misseri. Einungis 14,6 prósent af veltunni er í minjagripabúðum. Kaupmenn á Laugavegi segjast finna fyrir aukinni verslun ferðamanna.**

**VIÐSKIPTI** Samhliða fjölgun ferðamanna hefur erlend kortavelta í íslenskum verslunum aukist. Ferðamenn eru ekki einungis spenntir fyrir minjagripum heldur styðja þeir einnig við íslenskar fataverslanir, hönnunar- og sérverslanir.

Kortavelta erlendra ferðamanna nam 22,2 milljörðum króna í ágúst síðastliðnum sem var 30,7 prósenta aukning milli ára. Þar af nam kortavelta í íslenskum verslunum 3,6 milljörðum króna sem er 22 prósenta aukning milli ára. Verslun ferðamanna er því farin að hafa töluverð áhrif, sér í lagi í Reykjavíkurborg, sem 97 prósent ferðamanna heimsóttu árið 2014, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Búðum sem sérhæfa sig í minjagripum, svokölluðum „lundabúðum“ hefur fjölgað talsvert að undanförnu. Hins vegar nam kortavelta í þeim búðum einungis 14,6 prósentum af heildarkortaveltu erlendra ferðamanna í íslenskum verslunum í ágúst og einungis 15 prósentum í september. Verslunarmenn á Laugavegi sem Fréttablaðið ræddi við segjast hafa fundið fyrir aukningunni í áhuga ferðamanna á verslunum sem ekki eru sérsniðnar fyrir ferðamenn.

Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, segist aldrei hafa tekið undir þær raddir að það halli eitthvað á verslanir aðrar en ferðamannaverslanir.

„Ferðamannaverslanir eru hrein viðbót við það sem fyrir var og hafa verið í umtalsverðum vexti milli ára sem er ofureðlileg afleiðing þessarar miklu fjölgunar erlendra gesta og viðskiptavina milli ára,“ segir Jakob Frímann.

„Þessar sjarmerandi sérverslanir eins og Brynja og Vísir sem eru með „kaupmanns á horninu“ stemningu höfða auðvitað alveg sérstaklega til þeirra ferðamanna sem sjá slíkt varla neins staðar annars staðar í heiminum lengur."

## Upplifa Reykjavík sem tískustað



Í ágústmánuði jókst kortavelta erlendra ferðamanna í fataverslunum um 33 prósent. Hanna Soffía Þormar, verslunarstjóri Spúútnik á Laugavegi, segir erlenda ferðamenn upplifa Reykjavík sem tískustað og salan aukist ár frá ári. „Ég er búin að vera að vinna í rúmlega fjögur ár í Spúútnik og ég myndi segja að sala til ferðamanna væri jafnt og þétt að aukast. Það er ekki endilega bundið lengur við týpíska ferðamannatíma, heldur allan ársins hring. Margir koma á Airwaves, gamlárskvöld og Sónar. Ég hef líka heyrt það frá ferðamönnum að þeim finnst Íslendingar mjög vel klæddir hérna í miðbænum. Ég hef fengið mjög jákvætt „feedback“ frá þeim og þeir hafa áhuga á tískunni.“

## Veturferðamenn verðmætastir



Frank Michelsen, úrsmiður og verslunarstjóri í Michelsen, segist einnig finna fyrir auknum áhuga ferðamanna. Hins vegar sé mest um ferðamenn hjá þeim á veturna. „Við erum ekki mikið að finna fyrir sumarferðamönnunum en verðmætustu ferðamennirnir fyrir okkur eru þeir sem eru að fara í helgarferðir yfir veturinn,“ segir Frank. „Þeir ferðamenn sem koma yfir sumarið eru að koma til að njóta náttúrunnar. Þeir ferðamenn sem koma yfir veturinn, ráðstefnugestir til dæmis, eru að koma og njóta borgarinnar og versla í leiðinni.“ Aðspurður segir hann aukningu hafa orðið í sölu í fyrravetur til ferðamanna. Hins vegar sé ekki komin mikil reynsla á það fyrir árið 2015.

## Hafa áhrif á vöruúrval



Guðrún Jóhannesdóttir, eigandi Kokku, segir fólk hafa áhuga á að skoða skemmtilegar vörur í skemmtilegum búðum. „Þegar maður er ferðamaður langar mann ekki bara í minjagripabúðir. Ég held að fólk sæki mikið í miðbæinn vegna þess að þar er mikið af sjálfstæðum litlum búðum, þar sem kaupmennirnir velja sjálfir vörurnar og vöruúrvalið er því sérstakara.“ Guðrún segist fagna fjölgun ferðamanna í miðborginni. Hún segir fjölda erlendra viðskiptavina hafa áhrif á vöruvalið inn í búðina. „Ef fólk er að leita að einhverju litlu sniðugu að setja í ferðatöskuna þá auðvitað eykur maður úrvalið af því. Okkar markhópur er samt alltaf Íslendingar, það eru þeir sem eyða pening hjá okkur.“



**Kortavelta erlendra ferðamanna nam 22,2 milljörðum króna í ágúst síðastliðnum sem var 30,7 prósent aukninga milli ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Erlend kortavelta í íslenskum verslunum í ágúst 2015

| | Milljónir króna | Aukning milli ára |
|---|---|---|
| Dagvara | 840,6 | 25,30% |
| Fatnaður | 766,1 | 33,00% |
| Gjafa- og minjagripir | 524,1 | 23,60% |
| Tollfrjáls verslun | 289,3 | 17,30% |
| Önnur verslun | 1.166,6 | 13,10% |
| **Samtals** | **3.586,7** | |






**Kona syrgir þá sem fórust með vélinni sem hrapaði.** NORDICPHOTOS/AFP

# Gríðarleg sorg í Rússlandi í kjölfar brotlendingar

**RÚSSLAND** Hafist var handa við að flytja lík þeirra 224 sem fórust þegar farþegaflugvél rússneska flugfélagsins Kogalymavia hrapaði á laugardaginn á Sínaískaga í Egyptalandi er hún var á leið til Sankti Pétursborgar í Rússlandi í gær.

Mikil sorg ríkir í Rússlandi og lýsti Vladimir Pútín forseti yfir þjóðarsorg í gær . Þá vottaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Rússum samúð sína í gær.

Sérfræðingur flugmálastofnunar Rússlands sagði í gær að vélin hefði liðast í sundur er hún var enn á flugi. Þó sagði hann of snemmt til að segja nákvæmlega til um hvað gerst hafði.

Vélin var á leið sinni til Sankti Pétursborgar frá Sínaískaga og flykktust syrgjendur á Pulkovoflugvöll í gær til að votta fórnarlömbum virðingu sína, en þar átti vélin að lenda.

Hersveitir Íslamska ríkisins voru fljótar að lýsa yfir ábyrgð sinni en flugyfirvöld hafa hafnað því og segja ekkert benda til hryðjuverkaárásar.

Óljóst er enn hvað grandaði vélinni en hún hvarf skyndilega af ratsjám eftir að hafa verið á lofti í 23 mínútur í blíðviðri. Yfirmaður flugmálastofnunar Egypta, Adele Al-Mahjoob, sagði tæknibilum þó líklegustu orsökina.

Forseti Egypta, Abdel Fattah el-Sisi, bað fólk um að hrapa hins vegar ekki strax að ályktunum. „Þetta er flókið mál sem krefst ítarlegrar rannsóknar sem gæti tekið marga mánuði,“ sagði forsetinn í ávarpi sínu í gær. - þea

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

DEWALT®
– á heima hjá Sindra –



DCD790D2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,62 kg

Tilboðsverð **39.900** m/vsk.
Fullt verð 45.549



DCD790P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x5,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg

Tilboðsverð **57.900** m/vsk.
Fullt verð 63.775



DCH235M2
## HÖGGBORVÉL 18V SDS+
Rafhlaða: 2x4,0 Ah Li-Ion
Afl: 400 W
Höggþungi: 2,1 J
Þyngd: 3,1 kg

Tilboðsverð **95.000** m/vsk.
Fullt verð 118.105



DW0822
## PUNKTA- OG LÍNULEISER
Rafhlaða: 3x AA
Tveggja línu laser með lóðrétta og lárétta línu í kross og punkta í loft og gólf í lóðréttri línu

Tilboðsverð **35.900** m/vsk.
Fullt verð 43.403



DWS780
## GEIRUNGSSÖG
Afl: 1675 W
Snúningshraði: 3800 sn./mín.
Mesti halli: 45°/45°
Blað: 305 mm
Þyngd: 24,8 kg

Tilboðsverð **159.900** m/vsk.
Fullt verð 180.621



DCS355D2
## 18V FJÖLNOTASÖG
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Afl: 300 W
Þyngd: 1,68 kg
Lengd: 310 mm

Tilboðsverð **59.900** m/vsk.
Fullt verð 74.812



DE7023
## BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR
Létt og þægilegt borð fyrir allar gerðir geirungssaga. Fætur brjótast undir borð í flutningi. Borðið er 1,9 m samanbrotið en 3,9 m útbreitt. Festingar fyrir geirungssög fylgja.

Tilboðsverð **35.900** m/vsk.
Fullt verð 45.610



D27107TGS-F20
## VELTISÖG
Afl: 2000 W
Snúningshraði: 4000 sn./mín.
Blað: 305 mm
Mesti halli: 48°
Þyngd: 40 kg

Verð **189.900** m/vsk.

PIPAR\TBWA • SÍA




**NÝ VERSLUN**
Skútuvogi 1, Reykjavík

**sími 575 0000**
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

# Gæti ráðið 100 hjúkrunarfræðinga í dag

**Um 900 hjúkrunarfræðingar geta hætt störfum vegna aldurs á næstu þremur árum en aðeins um 400 útskrifast úr námi. Heilbrigðisráðherra segir mönnun ásættanlega á LSH. Yfirmenn spítalans segja mönnun viðvarandi vandamál og erfitt sé að manna vaktavinnuna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við gætum ráðið um 100 hjúkrunarfræðinga í stöður hjá okkur strax í dag. Á næstu þremur til fjórum árum er áætlað að 900 hjúkrunarfræðingar öðlist rétt til töku lífeyris á Íslandi en á sama tíma erum við að útskrifa rúmlega 400 hjúkrunarfræðinga. Þetta svar heilbrigðisráðherra er því ekki í takt við mat okkar hér á spítalanum,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum.

Í svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra í síðustu viku við fyrirspurn um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar er m.a. vísað til mannaflaspár fram til ársins 2030 sem var unnin í velferðarráðuneytinu árin 2011-2012. Í svarinu segir: „Ef spáin er borin saman við þróun síðustu ára fjölgaði hjúkrunarfræðingum hraðar en hámarksspá um eftirspurn gerði ráð fyrir á árunum 2010-2013 og árið 2014 var fjöldi þeirra orðinn 250 meiri en spáð var.“ Fjallað er um áhrif hækkandi aldurs og þau áhrif sem það gæti haft á mönnun. Hins vegar verður svarið vart skilið öðruvísi en staðan sé viðunandi, en tekið fram að ýmsar sérgreinar séu helsta áhyggjuefnið.

Sigríður segir aftur á móti að innan spítalans séu „verulegar áhyggjur af skorti á heilbrigðisstarfsfólki“ á næstu misserum. Það eigi ekki síst við um hjúkrunarfræðinga almennt og sé í takti við það sem er að gerast um heim allan vegna aukinnar þjónustuþarfar með fjölgun aldraðra og langveikra, en víða um heim hefur þessari þróun verið svarað með því að fela hjúkrunarfræðingum fleiri verkefni í stað þess að fjölga læknum.

Sigríður segir að áhyggjur stjórnenda á LSH lúti einnig að vissum sérgreinum innan spítalans; meðalaldur lífeindafræðinga er hár. Sama á við um svæfinga- og skurðstofuhjúkrunarfræðinga. Þar sé um sérhæft starfsfólk að ræða sem tekur langan tíma að þjálfa og ekki hrist fram úr erminni að manna stöður þeirra sem láta af störfum.

„Ég veit ekki hvernig ber að leggja út frá svari heilbrigðisráðherra en mín tilfinning hefur verið sú að fyrirsjáanlegur sé verulegur skortur á hjúkrunarfræðingum.

Í svari ráðherra segir: „Á Landspítala hefur þó gengið nokkuð vel að manna vaktir utan dagvinnutíma þrátt fyrir hækkandi aldur margra heilbrigðisstétta.“

Sigríði kemur þetta svar ráðherrans á óvart enda sé það þvert á reynslu þeirra sem starfa á spítalanum. „Við höfum verið að auglýsa eftir hjúkrunarfræðingum og það hefur gengið verst að manna vaktavinnuna; vinnu utan dagvinnutíma. Það er misræmi í þessum hluta svars ráðherra miðað við reynslu okkar hérna á Landspítalanum og þess sem við höfum verið að reyna að sjá fyrir.“

Fram kemur í svari ráðherra að vissulega hafi útskrifuðum hjúkrunarfræðingum fjölgað nokkuð síðustu þrjú ár miðað við árin á undan. Eftir hrun stórjókst aðsókn í hjúkrunarfræðinám – sem aftur kom fram fjórum til fimm árum síðar. Núna í vor var svo í fyrsta sinn tekið upp inngöngupróf í hjúkrunarfræði við HÍ.

„Þetta skilaði því að um 100 manns var boðið pláss sem endurspeglar getu okkar til að mennta hjúkrunarfræðinga út frá fjárveitingum og fleiru. Mér skilst hins vegar að 150 uppfylltu skilyrðin til þess að stunda námið. Það er því eftirsókn til að komast í hjúkrunarfræðinám langt umfram framboð. Ég myndi gjarnan vilja taka við fleirum því við sjáum svo mikil sóknarfæri í því hvaða verkefnum hjúkrunarfræðingar gætu verið að sinna,“ segir Sigríður.

svavar@frettabladid.is



**Á Landspítala starfa 1.445 hjúkrunarfræðingar í alls 1.067 stöðugildum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við höfum verið að auglýsa eftir hjúkrunarfræðingum og það hefur gengið verst að manna vaktavinnuna; vinnu utan dagvinnutíma**
>
> Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar



**Stuðningsmenn AKP fagna kosningasigri í Tyrklandi.** NORDICPHOTOS/AFP

# Flokkur Erdogans vann stórsigur í kosningunum

**TYRKLAND** Réttlætis- og þróunarflokkur Tyrklands (AKP) tryggði sér á ný hreinan meirihluta á tyrkneska þinginu í þingkosningum í gær og Lýðræðisflokkur fólksins (HDP), flokkur Kúrda, hélst inni á þingi líkt og þjóðernishyggjuflokkurinn MHP. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Lýðveldisflokkurinn (CHP), hlaut svipaða kosningu og síðast.

Kosið var í gær í annað skipti á árinu. Í júní var einnig kosið en þá náði AKP ekki hreinum meirihluta og ekkert gekk að mynda samsteypustjórn. Því var ákveðið að boða til kosninga að nýju.

Alls eru 550 sæti á tyrkneska þinginu. AKP og CHP bæta við sig þingmönnum á milli kosninga. AKP fara úr 258 í 316 og CHP úr 132 í 134. HDP verða með 59 þingmenn en voru með 80. MHP voru einnig með 80 en verða nú með 41.

AKP er flokkur sitjandi forsætisráðherra, Ahmet Davutoglu, og forseta, Recep Tayyip Erdogan, sem stofnaði flokkinn árið 2001.

„Dagurinn í dag markar stórsigur fyrir lýðræðið og fólkið í landinu,“ sagði Davutoglu í ávarpi til stuðningsmanna í tyrknesku borginni Konya í gær. „Vonandi munum við þjóna ykkur vel næstu fjögur árin.“

Stuðningsmenn AKP flykktust út á götur til að fagna niðurstöðunum og lofuðu Allah og Erdogan. Hins vegar var enga gleði að finna á meðal stuðningsmanna HDP í kúrdísku borginni Diyarbakir þar sem lögregla varpaði táragasi á mótmælendur sem voru ósáttir við úrslitin.

Sigur manna Erdogans var ekki í takt við skoðanakannanir. Flokknum var spáð sams konar fylgi og í síðustu kosningum en allt kom fyrir ekki og mun AKP fara með stjórnartaumana áfram en það hefur flokkurinn gert frá árinu 2002. - þea





MORGUNVERÐARFUNDUR MIÐVIKUDAGINN 4. NÓVEMBER KL. 8.30-10.00
Á ICELANDAIR HÓTEL REYKJAVÍK NATURA

Dagskrá

**Setning**
**Þorsteinn Víglundsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

**Landspítali,nýbyggingar og ólík rekstrarform og forsendur þeirra**
**Gunnar Alexander Ólafsson**, heilsuhagfræðingur, kynnir tillögur nýrrar skýrslu.

**Forsendur og hagkvæmni þess að staðsetja nýjan spítala við Hringbraut**
**Gunnar Tryggvason**, verkefnastjóri hjá KPMG.

**Staðsetning nýs Landspítala**
**Hilmar Þór Björnsson**, arkitekt.

Umræður að loknum erindum:
**Gunnar Svavarsson**, formaður stjórnar Nýs Landspítala, **Áslaug María Friðriksdóttir**, borgarfulltrúi, **Óli Björn Kárason**, ritstjóri og **Vilhjálmur Ari Arason** heilsugæslulæknir.

**Fundarstjóri: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,** forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs SA.

Létt morgunhressing frá kl. 8.00.

Vinsamlegast skráið þátttöku á www.sa.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
SA

## NORÐURLÖNDIN




### Vilja lækka bætur um helming

**1** DANMÖRK Danska stjórnin vill lækka bætur að minnsta kosti 40 þúsunda um nær helming árið 2017. Fulltrúar Rauða krossins í Danmörku og annarra hjálparstofnana óttast að þetta geri fjölskyldunum erfiðara um vik að taka þátt í dönsku samfélagi. Ráðherra innflytjendamála, Inger Stöjberg, segir fyrirkomulagið hvetja flóttamenn til að koma út á vinnumarkaðinn. Ekki eigi að gera ráð fyrir að menn séu á bótum í mörg ár.



### Biskupar blessa hjónabönd homma

**2** NOREGUR Biskupar Noregs hafa lýst því yfir að þeir séu hlynntir hjónavígslum samkynhneigðra í kirkjum. Það verður hins vegar á kirkjuþingi í vor sem ákvörðun um slíkt verður tekin. Afstaða biskupanna er sögð vera sterk skilaboð til kirkjuþingsins. Þeir taka það fram að samkynhneigðir eigi að geta gifst í eigin sóknarkirkju. Prestar og aðrir starfsmenn geti þó vikist undan því að taka þátt í slíkum hjónavígslum.

### Åkesson taki harðari afstöðu

**3** SVÍÞJÓÐ Margot Wallström, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir stefnu Svíþjóðardemókrata eiga þátt í að kynda undir hræðslu og mögulega árásum á hælisleitendur. Formaður Svíþjóðardemókrata, Jimmy Åkesson, hefur tekið afstöðu gegn íkveikjum í híbýlum hælisleitenda. Wallström segir það ekki nóg. Hún bendir á að í Lundi dreifi Svíþjóðardemókratar heimilisföngum fyrirhugaðra dvalarstaða fyrir hælisleitendur. Åkesson hafi ekki gagnrýnt það.

## Asíurisarnir endurreisa samband sitt

**SUÐUR-KÓREA** Samband Japans, Kína og Suður-Kóreu hefur verið endurreist að fullu, jafnt í viðskiptum sem og í öryggismálum. Frá þessu var greint í sameiginlegri yfirlýsingu ríkjanna þriggja eftir leiðtogafund í höfuðborg Suður-Kóreu, Seúl.

Ákveðið var á ráðstefnu forseta Suður-Kóreu, Park Geun-hye, forsætisráðherra Kína, Li Keqiang, og forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, að hefja aftur reglulega fundi ríkjanna en sá síðasti fyrir þennan var haldinn árið 2012.

Nýliðinn fundur var haldinn til að reyna að greiða úr deilum ríkjanna um yfirráð í Suður-Kínahafi sem og að leysa úr gömlum ágreiningi frá seinna stríði. Ekki tókst að leysa úr þeim málum en hins vegar var ákveðið að vinna að fullu að stofnun fríverslunarbandalags sextán Austur-Asíuríkja.

Þá var einnig ákveðið að ríkin skyldu beita sér fyrir því að stöðva kjarnorkuvæðingu nágranna þeirra í Norður-Kóreu. - **þea**



**Paul Ryan vill ekki vinna með Obama.** NORDICPHOTOS/AFP

## Vill ekki vinna að málefnum innflytjenda með Obama

**BANDARÍKIN** Paul Ryan, nýkjörinn forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings fyrir hönd repúblikana, sagðist í gær ekki hafa áhuga á að vinna með Barack Obama forseta að breytingum á innflytjendastefnu ríkisins.

„Það væri fáránlegt að vinna að málaflokki sem þessum með forseta sem við getum ekki treyst. Hann reyndi að breyta kerfinu upp á eigin spýtur og gekk fram hjá löggjafarvaldinu,“ sagði Ryan við fjölmiðla í gær. Ryan vísar þar í aðgerðir forsetans í nóvember í fyrra er hann tilkynnti að stór hluti ólöglegra innflytjenda fengi að vera og starfa löglega í Bandaríkjunum.

Ryan var valinn þingforseti í síðustu viku í kjölfar afsagnar Johns Boehner sem var bolað burt af íhaldssamasta væng þingflokks repúblikana. - **þea**


CLINIQUE

Clinique dagar í Apótekinu Garðatorgi
2. - 8. nóvember

20% afsláttur af Clinique vörum mánudag - miðvikudag.

Kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr eða meira.*




**Kaupaukinn inniheldur:**
Turnaround overnight revitalizing moisturizer NÝTT
Turnaround daycream NÝTT
Liquid facial soap mild
Duo eyeshadow
Chubby stick moisturizing lip balm
High impact mascara

*á meðan birgðir endast.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Sérfræðingur frá Clinique verður í apótekinu í dag, þriðjudag og miðvikudag.

Apótekið – einfalt og ódýrt

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Draumur hvers?



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það ætti ekki að koma nokkrum manni á óvart, nema kannski stöku stjórnmálamanni, að nú liggur fyrir að ungt fólk á landsbyggðinni bindur ekki framtíðarvonir sínar við uppbyggingu á stóriðju. Draumurinn um glæsta framtíð við álbræðsluker, áburðarframleiðslu eða annað í þeim dúr er sem sagt ekki draumur unga fólksins. Það er draumur stjórnmálamannsins sem vill gera vel við sitt kjördæmi.

Anna Karlsdóttir, rannsóknarstjóri Nordregio, sem er norræn rannsóknarstofnun sérhæfð í athugunum á svæðisbundnum þróunum og áætlanagerð, kynnti í útvarpsþættinum Sprengisandi hjá Sigurjóni M. Egilssyni á Bylgjunni niðurstöður könnunar sem sýna vel fram á þessa staðreynd. Unga fólkið úti á landi elur sem sagt ekki brjósti drauminn um að starfa við stóriðju. Hið sama gildir einnig um draum ófárra stjórnmálamanna um til að mynda olíuvinnslu og uppbyggingu í tengslum við Drekasvæðið sem lokkar greinilega ekkert meira en álverið eða áburðarverksmiðjan.

Unga fólkið og stjórnmálamennirnir eiga sér sem sagt ekki sömu framtíðardrauma. Því er nú verr fyrir stjórnmálamennina en þeir eru alla jafna ekki þekktir fyrir að leggja pólitík á hilluna til þess að snúa sér að almennum störfum í stóriðu. Fyrir vikið er fremur erfitt að halda því fram að stóriðja sé rétta leiðin til uppbyggingar hinum dreifðari byggðum landsins.

Í þessari athyglisverðu könnun kemur einnig fram að aðeins minnihluti hinna ungu þátttakenda býst við að búa í framtíðinni á æskuslóðum sínum á landsbyggðinni. Ástæðan virðist vera einföld. Ungt fólk sér það fyrir sér að sækja sér menntun í framtíðinni en það samræmist engan veginn þeirri atvinnuuppbyggingu sem virðist helst vera í kortunum á þeirra heimaslóðum.

**Menntun er s.s. aðlaðandi framtíðarkostur. Unga fólkið vill mennta sig og sækja sér svo störf í samræmi við sína menntun og þau störf eru ekki úti á landi eins og þróunin er í dag.**

Menntun er s.s. aðlaðandi framtíðarkostur. Unga fólkið vill mennta sig og sækja sér svo störf í samræmi við sína menntun og þau störf eru ekki úti á landi eins og þróunin er í dag. Því miður. Engu að síður virðast bæði sveitarstjórnir víða um land sem og ráðamenn þjóðarinnar leggja mikla áherslu og ofurtrú á virkjanir og stóriðju hvers konar með tilheyrandi óafturkræfum umhverfisspjöllum til eflingu byggðar. Margt af þessu eru gríðarlega kostnaðarsamar fjárfestingar fyrir samfélagið þar sem unnið er upp á von og óvon um samfélagslegan ávinning fyrir viðkomandi svæði þegar stærstu framkvæmdunum lýkur.

En nú, þegar það hefur fengist staðfest að framtíðin liggur ekki í þessari stóriðjustefnu, því hugur ungu kynslóðarinnar stendur ekki þangað, þá hlýtur að vera komið að því að menntun verði sett í fyrsta sæti í uppbyggingu og framtíðarsýn. Að þeir fjármunir sem fara í stóriðjudrauma og framkvæmdir stjórnmálamanna finni sér nú nýjan farveg innan háskólanna, í nýsköpun, þróun og þetta margumrædda vit sem verður víst í askana látið.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Rangt svar við nútímavæðingunni**

**Fréttablaðið fylgdi vel eftir störfum Kirkjuþings sem lauk í síðustu viku. Mikla athygli vakti skýrsla starfshóps um nýliðun innan kirkjunnar. Í skýrslunni segir að kirkjan hafi ekki fundið svör við nútímavæðingunni. „Aukin veraldarhyggja, skynsemishyggja og vísindahyggja hafi meðal annars leitt til hnignunar hefða og aukinnar áherslu á einstaklingsbundin réttindi og valfrelsi í stað samfylgdar á trúarlegum forsendum," segir þar. Kirkjuþing ákvað að fylgja ábendingum skýrsluhöfunda og verja 150 milljónum í nýliðun og upplýsingamál. Það hlýtur seint að þykja svar við nútímavæðingunni að hálfopinber stofnun verji opinberu fjármagni í að viðhalda sjálfri sér.**

**Frjálslyndi en ekki fjáraustur**

**Þá samþykkti Kirkjuþing einnig ályktun um að samviskufrelsi presta skuli afnumið. Enn fremur samþykkti Kirkjuþing að kirkjan þyrfti að taka vel á móti nýjum Íslendingum og vera opin fyrir ólíkum bakgrunni, menningu og trú. Ef að kirkjan vill finna svör við nútímavæðingunni og öðlast virðingu samfélagsins á hún að taka fleiri svona ákvarðanir og starfa á frjálslyndum og opinskáum grundvelli en ekki ausa fjármagni skattgreiðanda í sálnaveiðar á tilvonandi sóknarbörnum.** **stefanrafn@frettabladid.is**

## Einkavæðing bankanna taka tvö



Helgi Hjörvar
þingmaður Samfylkingarinnar

**Undraveröld íslensku krónunnar er þannig að eignarhald viðskiptabanka er ávísun á fákeppnisaðstöðu með mikilli gróðavon.**

Það er mikilvægt að læra af dýrkeyptri reynslu sem við höfum glímt við frá einkavinavæðingu bankanna fyrir rúmum áratug. Spillingin og skammsýnin sem hana einkenndi kostaði m.a. tæknilegt gjaldþrot helmings fyrirtækja landsins, skuldir tugþúsunda heimila stökkbreyttust og landið átti ekki gjaldeyri til að standa í skilum. Upphaf ógæfunnar má ekki síst rekja til hinnar gamalkunnu aðferðar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks að skipta bönkunum á milli sín. Þess vegna er skynsamlegt að hafa áhyggjur þegar þessir sömu flokkar eru nú aftur uppteknir af bankasölu.

Um leið er sanngjarnt að spyrja hvort eitthvað hafi breyst og hvort við höfum ástæðu til að treysta þessum flokkum betur nú en þá. Óskandi að svo væri en því miður bendir margt til annars. Þrennt skal hér nefnt af mörgum slæmum fyrirboðum. Í fyrsta lagi samþykkti Alþingi á síðasta kjörtímabili rannsókn á einkavæðingu bankanna. Núverandi stjórnarflokkar hafa neitað að framkvæma hana. Í öðru lagi hefur fjármálaráðherra reynt að leggja niður Bankasýsluna og flytja umsjón með eignarhaldi inn í ráðuneyti til sín. Og í þriðja lagi höfum við horft upp á sölu eignarhluta eins og í Borgun og Símanum sem skapa ekki vonir um jafnræði, gagnsæi og fagmennsku við einkavæðingu. Áhyggjurnar minnka ekki við það þegar lögð er ofuráhersla á að semja við erlenda kröfuhafa um að fá bankahlutbréf frekar en að taka við greiðslu í peningum með stöðugleikaskatti.

Undraveröld íslensku krónunnar er þannig að eignarhald viðskiptabanka er ávísun á fákeppnisaðstöðu með mikilli gróðavon. Við höfum enn sömu myntina og þar með sama fákeppnismarkaðinn, saman eru enn fjárfestingar og viðskiptabankar og ekkert tryggir dreift eignarhald eða kemur í veg fyrir að ráðandi eigendur misnoti banka sem fyrr. Við þurfum þess vegna róttækar breytingar á bankakerfinu og tryggja að ekki sé unnt að einkavinavæða þá áður en hreyft er við eignarhaldi ef við eigum ekki að gera sömu mistökin aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Óttastjórnun á RÚV

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Óskandi væri að framganga stjórnmálamanna gagnvart RÚV endurspeglaði viðhorf meirihluta landsmanna til þessarar sameignar sinnar. Samkvæmt könnun MNR frá því fyrr á þessu ári er mikill minnihluti landsmanna – um 28% – fylgjandi því að „selja“ eða „einkavæða“ Ríkisútvarpið. Landsmenn vilja eiga þessa stofnun áfram enda gegnir hún afar mikilsverðu hlutverki á ótal sviðum, hvort sem litið er til upplýsingahlutverks, öryggishlutverks, varðveisluhlutverks eða menningarhlutverks í víðasta skilningi þess orðs. Hlálegt er að ríkisstjórn sem læst hafa þjóðleg gildi í hávegum skuli aftur og aftur senda á þessa stofnun froðufellandi rakka. Safn Ríkisútvarpsins er ómetanlegt, sú þekking sem þar hefur orðið til í tímans rás er ekki til annars staðar, hefðirnar sem starfsfólk þessarar ofsóttu stofnunar hefur mótað, þrátt fyrir eilífar sendingar Sjálfstæðisflokksins á nýjum og nýjum stjórnendum, sem eiga það allir sammerkt að hafa aldrei starfað við útvarp eða sjónvarp.

**„Það eru erfiðir tímar“**

Um árabil hafa Sjálfstæðismenn (og nýja Framsókn hægra megin við Sjalla) verið með Ríkisútvarpið á heilanum og gætt þess vandlega að stjórna öllum meiriháttar stöðuveitingum þar. Og eru um leið síkvartandi yfir „slagsíðu“ hjá RÚV, sem væri eins og hvimleiður kækur ef þetta virkaði ekki á mann eins og úthugsuð óttastjórnun – markviss aðferð við að skjóta fólki skelk í bringu, stjórna umfjöllun um sig og halda stofnuninni í heljargreipum.

Fjölmiðlun er sögð erfið á Íslandi og ekki síst um þessar mundir, þegar fólk sækir í síauknum mæli afþreyingu sína, samskipti og fróðleik á netið, í efnisveitur og á einstakar síður. Samt gæti fjölmiðlun hér virst standa með blóma. Nokkrir ágætir vefmiðlar hafa rutt sér til rúms á síðustu árum.

Stöð tvö á sér miklu glæstari sögu og hefðir í framleiðslu á leiknu innlendu sjónvarpsefni en RÚV, þar sem einhver þyrrkingur hefur alltaf ríkt á því sviði. Þjóðmálaumræða er líka með ágætum á Stöð tvö og um skemmtiefnið þarf ekki að fjölyrða. Á Akureyrarstöðinni N4 ríkir mjög ánægjuleg hægð og gott andrúmsloft og viðtöl Sigmundar Ernis á Hringbraut eru meðal þess besta sem á boðstólum er í íslensku sjónvarpi.

> **Fjölbreytilegir fjölmiðlar eiga að geta þrifist við hlið RÚV, í andsvörum og samtali við það, lausir við ýmsar skyldur og kvaðir þeirrar stofnunar en um leið notið góðs af henni á margvíslegan hátt.**

Og þannig mætti áfram telja. En þessar stöðvar eru ekki RÚV, og munu ekki taka við skyldum og eðli þeirrar stofnunar, ættu ekki að þurfa þess. „Myndum við stofna Ríkisútvarpið í dag?“ spurði Hanna Birna í þætti Sigurjóns M. Egilssonar á Bylgjunni í gær. Slíkri spurningu verður eiginlega ekki svarað öðruvísi en með þessu: það var stofnað á sínum tíma; það er þarna. Með sína sögu, sínar hefðir, sitt mikla safn – sitt sjálfstæði. Og við eigum að nota það besta úr þeirri hefð sem það hefur, láta það í friði, láta það hafa þá peninga sem eyrnarmerktir eru því í lögum, því að það getur ekki talist vera eðlilegt rekstrarumhverfi slíkri stofnun að vita aldrei hvað dyntóttir og hefnigjarnir stjórnmálamenn láta af hendi rakna, hverju sinni – eins og framlög til þjóðarfjölmiðilsins eigi að vera undir velvild einstakra stjórnmálamanna komin.

Sjónvarp í núverandi mynd verður senn liðin tíð: þar sem við setjumst niður á kvöldin og horfum á dagskrána, hvern þátt eftir annan. Við erum virkir notendur. Með hjálp tímaflakks setjum við saman eigin dagskrá úr þeim ýmsu stöðvum sem í boði eru – sem vissulega býður þeirri hættu heim að maður nenni ekki að horfa á neitt annað en Barnaby, Lewis og Wallander til skiptis í danska, sænska eða norska sjónvarpinu, jafnvel sama þáttinn aftur og aftur því maður man ekki stundinni lengur hvað gerist hvar.

Við þessu þurfa stöðvar að bregðast og gera hver með sínum hætti. Vönduð innlend dagskrárgerð á ólíkum stöðvum á meiri möguleika en ella að ná til fleira fólks, sem þarf ekki lengur að velja á milli þess hvort það horfir á Loga Bergmann eða söngvakeppnina á Skjá einum heldur skoðar hvort tveggja, og notar hröðunarhnappinn á meðan ótæpilega.

**Vinstri/hægrimál?**

RÚV og starfsemi þess er ekki ógnun við rekstur annarra fjölmiðla, nema síður sé. Jafnvel þótt dregið yrði úr vægi auglýsinga í Ríkissjónvarpinu – sem vel kann að koma til greina – er ekki sjálfgefið að þær tekjur falli sjálfkrafa í skaut öðrum innlendum sjónvarpsstöðvum: æ fleiri fyrirtæki auglýsa varning sinn á Facebook og slíkum netsíðum – og þá renna tekjurnar til Ameríku. Fjölbreytilegir fjölmiðlar eiga að geta þrifist við hlið RÚV, í andsvörum og samtali við það, lausir við ýmsar skyldur og kvaðir þeirrar stofnunar en um leið notið góðs af henni á margvíslegan hátt.

Það er synd að tilvera Ríkisútvarpsins skuli vera slíkt vinstri/hægrimannamál hér á landi, og leiðinlegt að sú almenna sátt sem ríkir um stofnunina meðal almennings skuli ekki ná til ráðamanna: þar er vel að merkja átt við sjálfa tilveru stofnunarinnar, ekki stjórnunarhætti þar innandyra, sem oft hefur verið deilt á úr öllum áttum, eins og vera ber þegar ástæða þykir til. Kannski er þessi eilífa áreitni stjórmálamanna í garð RÚV einn arfurinn enn frá óttastjórnunarstíl Davíðsáranna sem við þurfum að losa okkur við til að skapa heilbrigðara andrúmsloft í samfélaginu.

Fólk sem vill leggja niður RÚV er andvígt hinum sameiginlega vettvangi. Það vill þjóðfélag sundurgreiningar, þar sem hægri menn hafa sína fjölmiðla og vinstri menn sína og svo talist fólk aldrei við, hafi engan sameiginlegan grundvöll að standa á en velji hver sinn veruleika, hver sínar staðreyndir, og svo gargi fólk hvert á annað.

# Ef væri ég söngvari...



Auður Gunnarsdóttir
söngkona og kennari

Með þessa ósk í hjarta hefur margt ungmennið skráð sig í skóla þann sem kenndur er við Sigurð Demetz heitinn og ber nafn hans með rentu. Hann kom með mikla reynslu og þekkingu á óperusöng til landsins og var óspar á að deila henni með nemendum sínum allt fram í andlátið.

Við skólann kenna margir af reyndustu söngvurum landsins, fólk sem sumt hefur sungið í mörgum bestu og stærstu óperuhúsum heims. Þarna er samankomin gríðarleg þekking á faginu og mikill mannauður og af þeim sökum ætti útlitið fyrir því að ósk nemandans rætist að vera gott. Söngvararnir sem kenna við skólann voru þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að þjálfa sig í sönglistinni í söng- og tónlistarskólum hér heima áður en þeir héldu út í heim til að læra meira. Þeir fengu að fara í gegnum grunn-, mið-, framhalds- og háskólastig óhindrað þar til þeir náðu þeirri færni sem þarf til að komast að í virtum háskólum erlendis. Eftir framhaldsnám hjá alþjóðlegum oft frægum listamönnum og raddþjálfum náðu þeir eyrum umboðsmanna og óperustjóra sem sendu þá áfram inn í óperuhús heimsins til að bera hróður Íslands vítt og breytt um heiminn - alveg eins og „Strákarnir okkar“.

**Vekur athygli**

Þegar ég bjó og starfaði sem óperusöngkona í Þýskalandi var ég oft spurð að því hvað þetta væri með okkur Íslendinga; af hverju við ættum svona marga frábæra söngvara? Það vekur nefnilega athygli að svona fámenn þjóð eigi söngvara starfandi úti um allan heim. Það er þannig í söngnum eins og í fótboltanum að allur heimurinn er að keppast um stöðurnar sem losna.

> **Hvað er það sem hefur gert okkur samkeppnishæf? Það eru skólarnir, kennararnir og möguleikarnir sem við höfum haft til að mennta okkur, það kerfi sem byggt hefur verið upp á síðustu áratugum og nú riðar til falls.**

Hvað er það sem hefur gert okkur samkeppnishæf? Það eru skólarnir, kennararnir og möguleikarnir sem við höfum haft til að mennta okkur, það kerfi sem byggt hefur verið upp á síðustu áratugum og nú riðar til falls. Söngskóli Sigurðar Demetz er á barmi gjaldþrots og hefur sagt upp 28 kennurum. Ef ríki og borg taka ekki höndum saman um að leysa þessa deilu munu þessir 28 kennarar væntanlega fara á atvinnuleysisbætur um áramótin og vonir og þrár ótal nemenda bresta.

Allir vilja hlýða á fagran söng á stóru stundunum í lífinu og ekki er hægt að hugsa sér stórhátíðir eins og jól og páska án söngs. Gleymum því heldur ekki að við erum líka að mennta áheyrendur sem munu sækja tónlistarviðburði í framtíðinni. Til þess að söngurinn megi hljóma um ókomin ár verðum við að standa vörð um skólana og því skora ég á háttvirta ráðamenn að leysa málið og koma í veg fyrir menningarlegt stórslys.

Höldum áfram að mennta hæfileikaríka söngvara svo þeir geti sungið um sólina vorið og land sitt og þjóð.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma
HARPA
Svanavatnið
St. Petersburg Festival Ballet
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



Eldborg
14. nóvember kl. 15:00 & 19:30
15. nóvember kl. 15:00 & 19:30
Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu
Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is
www.harpa.is/svanavatnid
ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

# Viðbrögð við illri meðferð dýra



Sigurborg Daðadóttir
yfirdýralæknir

**Matvælastofnun hefur nýja heimild til að refsa dýraeigendum með því að leggja á þá stjórnvaldssektir.**

Ill meðferð dýra verður ekki liðin af hálfu Matvælastofnunar, sem fer með eftirlit með dýravelferð. Fólk er eðlilega slegið í kjölfar frétta og mynda sem sýna illa meðferð gyltna hér á landi. Eins og gjarnan gerist er eftirlitinu kennt um. Flestir átta sig hins vegar á að ef ekki væri fyrir eftirlit Matvælastofnunar væri málið óþekkt og engar breytingar til batnaðar gerðar.

Óþreyja fólks sem vill láta laga hlutina strax og refsa þeim sem brjóta á dýrum er skiljanleg, en hafa ber í huga að nýlegar fréttir og myndir voru úr eftirliti Matvælastofnunar á árinu 2014 og margt komið í betra horf frá þeim tíma. Undirrituð hefur heldur enga þolinmæði fyrir þeim sem fara illa með dýr. Margir þekkja hins vegar ekki til stjórnsýslukrafna, sem fela í sér ákveðnar leikreglur sem opinberum aðilum ber að vinna eftir, til að tryggja rétt málsaðila og koma í veg fyrir að embættismenn fari offari. Slíkt verklag þyngir alla málsmeðferð og hægir á málshraða, en tryggir um leið að rétt sé staðið að málum.

**Hálfnað verk þá „lokið“ er**

Þetta „orðatiltæki“ er haft eftir spökum manni, sem segir það við rithöfunda sem telja bókina sína tilbúna þegar þeir skila inn handriti til bókaútgefanda, því sá spaki veit að mikið verk er óunnið áður en bókin er útgefin og seld. Það tók sex ár frá því vinna hófst við gerð nýrra laga um velferð dýra þar til þau urðu að lögum og það mun líklega taka nokkurn tíma þar til lögin eru komin í fulla virkni og því er nauðsynlegt að forgangsraða verkum. Matvælastofnun forgangsraðar þannig að áhersla er lögð á að tryggja velferð dýranna og að knýja fram skjótar úrbætur. Til refsinga er gripið á síðari stigum, þar sem þörf er á.

**Að þvinga fram úrbætur**

Matvælastofnun beinir þunga eftirlits á staði þar sem talin er meiri hætta á að misbrestir séu á dýrahaldi út frá eðli og forsögu starfseminnar. Þar sem umhirða og aðbúnaður samræmast ekki lögum gerir Matvælastofnun ætíð kröfur um úrbætur, ýmist með kröfu um lagfæringar strax á staðnum eða jafnvel aflífun dýra ef nauðsyn krefur.

Í flestum tilvikum þola úrbætur þó einhverja bið, og er þá dýraeigendum gefinn frestur til úrbóta, en verði þeir ekki við þeim kröfum hefst undirbúningur að þvingunarúrræðum, með tilheyrandi bréfaskriftum og andmælarétti dýraeiganda. Að loknu þessu ferli tekur Matvælastofnun ákvörðun um að beita þvingunum, s.s. að stöðva starfsemi eða taka dýr úr vörslu eiganda. Reglugerð um dagsektir var gefin út 23. október sl. og getur því Matvælastofnun nú í fyrsta sinn beitt dagsektum sem þvingun í dýravelferðarmálum.

**Refsingar – sektir hefjast 2016**

Matvælastofnun hefur nýja heimild til að refsa dýraeigendum með því að leggja á þá stjórnvaldssektir. Áríðandi er að vanda til verka og hefur stofnunin undanfarið unnið að gerð líkans til að meta alvarleika brota þannig að samræmis gæti við beitingu sekta. Brotin eru metin út frá áhrifum á dýrið, hversu lengi brotið hefur varað, auk þess sem tekið er tillit til fjölda dýra sem brotið er á. Sekt getur að hámarki numið einni milljón, en ef brotið er hagnaðarbrot nemur sektin tvöföldum hagnaði en þó að hámarki fimm milljónum.

Með stjórnvaldssekt lýkur tilteknu máli og dómstólar geta því ekki dæmt mann sem hlotið hefur stjórnvaldssekt. Því er það brýnt að stofnunin leggi línurnar strax í upphafi þannig að ljóst sé hvenær kært er og hvenær beitt er stjórnvaldssektum. Alvarlegustu málin eru kærð til lögreglu, en beiting stjórnvaldssekta hefst á næsta ári með tilheyrandi fælingarmætti.

**Básahald gyltna á útleið**

Í júní síðastliðnum, var endanleg útgáfa reglugerðar um velferð svína gefin út. Svínabændur höfðu frest til 1. október sl. til að sækja um leyfi til að halda gyltur á básum og skila inn áætlun um hvernig þeir hyggjast breyta úr básahaldi yfir í lausagöngu. Matvælastofnun vinnur nú úr innsendum áætlunum og mun í framhaldinu veita leyfi til básahalds, allt eftir ástandi hvers bús fyrir sig. Leyfi til básahalds má þó aldrei veita lengur en til 1. janúar 2025. Reglugerðin kveður einnig á um að bannað verður eftir 1. janúar 2016 að nota bása þar sem gyltur geta ekki lagst, legið, rétt úr þessu fast eftir með heimsóknum á öll svínabú strax eftir áramótin.




# Nýjan Landspítala á 5 árum



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur

**Undanfarna mánuði hafa enn á ný vaknað spurningar um hvort það væri ekki skynsamlegra að reisa nýjan spítala annars staðar á höfuðborgarsvæðinu en á lóðinni við Hringbraut.**

Frá því um síðustu aldamót hefur verið unnið að því að hrinda í framkvæmd byggingu nýs Landspítala. Í fyrstu var hugmyndin að reisa íburðarmikið háskóla- og hátæknisjúkrahús sem myndi leysa af hólmi gamlar og úr sér gengnar byggingar. En í framhaldi af hruni efnahagskerfisins árið 2008 voru allar forsendur endurmetnar og framtíðaráform endurskoðuð. Símapeningarnir voru notaðir í annað og norskir ráðgjafar ráðlögðu að nýta betur þær byggingar sem fyrir eru.

**Staðarval**

Frá upphafi hefur staðarval verið einn megin þátturinn í allri umræðu um nýja Landspítalann. Athugaðir hafa verið ýmsir möguleikar en niðurstaða allra nefnda frá árinu 2002 hefur verið að Hringbrautin væri ákjósanlegasti byggingarkosturinn. Aðrir kostir sem taldir hafa verið koma til greina eru Fossvogur, Vífilstaðir, Sævarhöfði, Keldur og jafnvel fleiri staðir. Mismunandi sjónarmið hafa væntanlega orðið til þess að nýlega var Ráðgjafasviði KPMG falið að rýna helstu gögn og skýrslur um hagkvæmni, kostnað og skipulagsmál varðandi staðsetningu spítalans. Þótt ekki liggi fyrir endanleg áreiðanleikakönnun frá hendi KPMG töldu forsvarsmenn nýs Landspítala í lok ágústmánaðar að ekki væri ástæða til að breyta fyrirliggjandi ákvörðun um að byggja nýjan spítala við Hringbraut. Bráðabirgðaskýrsla KPMG frá 31. ágúst sl. styddi þá ákvörðun.

**Rökstuðningur**

Í framhaldi af birtingu á skýrslu KPMG skrifuðu Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, grein í Fréttablaðið undir yfirskriftinni Landspítali við Hringbraut. Þar eru tíunduð rök fyrir staðarvalinu, svo sem gott aðgengi, hagkvæmni í uppbyggingu og möguleikar á samstarfi við aðrar stofnanir í nágrenninu. Í grein þremenninganna er fullyrt að hvernig sem kostir og gallar eru vegnir og metnir sé niðurstaðan ávallt sú sama að staðsetningin við Hringbraut vegi þyngst, hvort sem litið er til faglegra eða fjárhagslegra þátta. Húsakostur sem fyrir er nýtist áfram, nýjar byggingar muni rísa og samgöngumiðstöð verði byggð í túnfæti spítalans til hagræðis fyrir starfsfólk, spítalann og umhverfið.

**Hindranir**

Að framansögðu hefði mátt ætla að auðvelt væri að ná samstöðu um að ráðast í nýbyggingar og endurbætur á Landspítalalóð, en því fer fjarri og má segja að menn hafi nánast staðið í sömu sporum í hálfan annan áratug. Enda þótt vinna við fullnaðarhönnun sjúkrahótels, bílastæða og meðferðarkjarna sé hafin er langt frá því að fyrir liggi heildaráætlun um uppbyggingu og fjármögnun. Hringbrautarlóðin gæti að öllu óbreyttu orðið byggingarsvæði í mörg ár með tilheyrandi hávaða og ónæði sem venjulega fylgir byggingarframkvæmdum. Mikilvægt er því að hraða byggingu nýs spítala svo ekki þurfi að grípa til fleiri bráðabirgðalausna áður en nýja þjóðarsjúkrahúsið er fullbyggt og komið í notkun.

**Ný staðsetning**

Undanfarna mánuði hafa enn á ný vaknað spurningar um hvort það væri ekki skynsamlegra að reisa nýjan spítala annars staðar á höfuðborgarsvæðinu en á lóðinni við Hringbraut. Í byrjun apríl sló Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fram þeirri hugmynd að kanna hvort lóð Útvarpshússins við Efstaleiti gæti komið til greina. Sú hugdetta var skömmu síðar slegin út af borðinu af heilbrigðisráðherra sem á ársfundi Landspítalans tók af öll tvímæli um afstöðu sína til staðsetningar nýs Landspítala við Hringbraut. Hins vegar er jafn ljóst að ekki verður ráðist í nýja spítalabygginguna við Hringbraut nema samstaða sé um það í ríkisstjórn.

**Valkostir**

Menn standa því frammi fyrir tveimur valkostum. Annars vegar að byggja nýjan Landspítala við Hringbraut og hins vegar að reisa nýjan spítala frá grunni á „besta mögulega stað“ á höfuðborgarsvæðinu. Samtímis er ljóst að slitabú gömlu bankanna þriggja munu greiða um 500 milljarða í stöðugleikaframlag til ríkissjóðs. Enda þótt stór hluti af þeirri upphæð fari í að greiða niður skuldir er ljóst að hluti þessara fjármuna gæti staðið undir að fjármagna spítalabygginguna. Notkun hluta andvirðis af sölu banka kemur einnig til greina. Þannig væri með samstilltu átaki ríkisstjórnar mögulegt að reisa nýjan Landspítala á fimm árum hvort sem um er að ræða byggingar á Hringbrautarlóðinni eða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Til samanburðar skal þess getið að í Noregi er Østfold Kalnes Sjúkrahúsið, sem mun þjóna 300 þúsund íbúum, dæmi um háþróað sérgreina- og kennslusjúkrahús sem tekist

# Ég bara spyr



Jóhanna María Einarsdóttir
bókmenntafræðingur og skáld

**Afleiðingarnar, sem gætu hlotist af því að stöður hæstaréttardómara séu nær alfarið skipaðar af einstaklingum af sama kyni, gætu orðið gríðarlegar.**

Þann 27. október birtist í Fréttablaðinu pistill eftir Jón Steinar Gunnlaugsson („Þegar rökin skortir) þar sem hann skrifar gegn grein Sifjar Simarsdóttur („Drap konur án þess að fatta það“) í sama blaði þann 24. október.

Sif rökstyður á kaldhæðinn máta í grein sinni hvers vegna ætti að setja kynjakvóta við ráðningu á hæstaréttadómara og reyna þannig að tryggja að í framtíðinni verði Hæstiréttur að helmingi til skipaður körlum og að helmingi konum. Undanfarið hafa hæstaréttardómarar verið í miklum meirihluta karlmenn og hefur engum tekist enn að útskýra hvers vegna svo sé. Rökleiðslur Sifjar eru langt frá því hefðbundnar og taka til dæmi sem virðast alls ótengd því hvers kyns hæstaréttardómari er. En dæmin sýna augljóslega fram á að ekki er hægt að sjá allt fyrirfram, og að gamlar venjur og hefðir geti oft orðið til mikils skaða sem ekki verður greindur fyrr en hann er skeður, eða jafnvel þegar einhverju er breytt sem varpar ljósi á afleiðingar gömlu hefðanna.

Ein af röksemdafærslum Jóns Steinars er eftirfarandi:

Ég hef látið í ljósi þá skoðun að velja eigi úr hópi umsækjenda eftir hæfni og að óheimilt sé að láta kynferði þeirra koma þar við sögu. Þessi skoðun er byggð á ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um jafnrétti þar sem meðal annars segir að konur og karlar skuli „njóta jafns réttar í hvívetna“. Hef ég þá bent á að mannréttindin sem verndað eru í stjórnarskránni séu bundin við einstaklinga en ekki hópa. Það yrði því brotinn réttur á umsækjanda af karlkyni ef kvenumsækjandi yrði tekinn fram yfir hann vegna kynferðis síns. Mér finnst þessi lögskýring svo augljós að ekki ætti að þurfa um hana að deila.

Það sem er mest sláandi við þessa tilvitnun Jóns, og einkar afhjúpandi hvað varðar röksemdafærslur hans almennt, er síðasta setningin í kaflanum: „Mér finnst þessi lögskýring svo augljós að ekki ætti að þurfa um hana að deila.“ Hann segir hér blátt áfram að þau rök sem hann vísi til séu svo algildur sannleikur að ekki þurfi að setja spurningarmerki við þau.

**Lögmæt spurning?**

Svo er nú í pott búið að við lifum á svokölluðum póstmódernískum tímum, eða síðpóstmódernískum; það fer eftir því hvernig hlutirnir eru skilgreindir. Á slíkum tímum er það meðal annars talið mikilvægt að endurskoða allt það sem við köllum algildan sannleika. Sá sannleikur sem Jón vitnar í í grein sinni, oftar en einu sinni, er, eins og allt annað, undir réttmætri skoðun. Þessi augljósa lögskýring eins og Jón kallar hana virðist augljós af því að við viljum trúa því að við búum í samfélagi þar sem ekki er traðkað á réttindum fólks á grundvelli kyns, trúar, kynþáttar og fleiru. En svo er greinilega ekki þar sem vísbendingar víðast hvar benda til hins gagnstæða.

Við skulum halda okkur við Hæstarétt þar sem greinin á að vera stutt. Hæstaréttardómarar eru í yfirgnæfandi meirihluta karlmenn. Umsækjendur eru væntanlega í miklum meirihluta karlmenn. Þær konur sem sækja um get ég þó ekki ímyndað mér að séu vanhæfar í starfið, þó svo karlarnir sem taki ákvörðun um það hver hljóti næstu stöðu hæstaréttardómara, muni að öllum líkindum (ef litið er til líkinda byggðum á undanförnum árum) velja annan karl í klúbbinn.

Afleiðingarnar, sem gætu hlotist af því að stöður hæstaréttardómara séu nær alfarið skipaðar af einstaklingum af sama kyni, gætu orðið gríðarlegar. Möguleikar væru á að vandamál þess kyns, sem ekki ætti sér nægjusamlega sterka fulltrúa í hópnum, mættu ekki skilningi og að þeim væri vísað á bug. Nei bíddu... Er þetta kannski einmitt þannig? Getur verið að ástæðan fyrir því að refsing vegna kynferðisafbrots er svona óþolandi lengi í algeru lágmarki sé sú, að fórnarlömb mæti hreinlega ekki nægilegum skilningi hjá þeim sem eiga að rétta í málum þeirra? Er þetta ekki fullkomlega lögmæt spurning og þess virði að spyrja hennar? Ég bara spyr.




# Omaggio jólavörunar eru komnar í vefverslun Epal.

**Forsala er hafin og vörurnar verða afhentar um miðjan nóvember.***

**Með hverri pöntun fylgir afsláttarkóði sem gefur 10% afslátt í vefverslun Epal ásamt jólalakkrís frá Johan Bulow.**




Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / www.epal.is



**Omaggio kertastjakar**

Gull og silfur.

16cm:
**kr. 3.900.-**

20cm:
**kr. 4.950.-**

24cm:
**kr. 6.350.-**

**Omaggio vasar**

3 í pakka. Gull og silfur.

**kr. 7.700.-**



**Omaggio jólakúlur**

3 í pakka. Gull og silfur.

**kr. 7.800.-**



* **Sendur verður póstur um endanlega dagsetningu og afhendingarstað.**




Arnór Ingvi Traustason fagnar Svíþjóðarmeistaratitlinum á heimavelli fráfarandi meistara í Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Skoraði og svo varð allt svart

**Arnór Ingvi Traustason lauk frábæru tímabili með því að verða Svíþjóðarmeistari með Norrköping. Hann skoraði og lagði upp í leiknum sem tryggði liðinu titilinn. Arnór varð stoðsendingarkóngur deildarinnar.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Ný íslensk fótboltastjarna er fædd. Smátt og smátt hefur Keflvíkingurinn Arnór Ingvi Traustason verið að láta vita af sér í sænsku úrvalsdeildinni, en hann spilaði frábærlega fyrir Norrköping á leiktíðinni sem lauk á laugardaginn.

Arnór Ingvi setti kirsuberið á sína eigin köku með því að leggja upp og skora í lokaleiknum gegn fráfarandi Svíþjóðarmeisturum Malmö þegar Norrköping vann titilinn í 13. sinn og það fyrsta síðan 1989. Keflvíkingurinn, sem var að klára sína aðra leiktíð í Svíþjóð, skoraði sjö mörk og varð stoðsendingakóngur í deildinni með tíu stykki. Hann kom í heildina að 17 af 60 mörkum liðsins.

„Þetta er alveg ótrúlegt. Ég trúi þessu ekki enn þá. Þetta er það stærsta sem ég hef gert,“ segir glaðbeittur Arnór Ingvi við Fréttablaðið. Þegar blaðamaður heyrði í honum í gær var Arnór kominn á ról eftir meistaraskrall nóttina áður. Verðskuldað skrall! Hann var reyndar búinn að tína hleðslutækinu sínu og hófst viðtalið með batteríið á þremur prósentum. Þurfti því að tala hratt – en örugglega.

## Erum ekkert miðlungslið

Arnór Ingvi og félagar voru í efsta sætinu fyrir lokaumferðina með 63 stig, stigi á undan Hjálmari Jónssyni og félögum í Gautaborg og þremur stigum á undan Hauki Heiðari Haukssyni og hans mönnum í AIK. Ljóst var að Íslendingalið yrði meistari.

Gautaborg og AIK réðu ekki við pressuna og gerðu jafntefli, en Norrköping fór á einn sterkasta útivöllinn í deildinni og vann Malmö, 2-0. Til viðmiðunar vann Malmö úkraínska stórliðið Shakhtar Donetsk í Meistaradeildinni á dögunum afar sannfærandi.

„Það er ekkert grín að fara á þennan Swedbank-völl. Malmö er gott lið sem vill ekki líta illa út og tapa á heimavelli. Við áttum erfiðasta leikinn en kláruðum þetta,“ segir Arnór Ingvi, en átti Norrköping að eiga séns í ár?

„Nei. Okkur var spáð svona áttunda til ellefta sæti. Við áttum að heita miðlungslið en það erum við ekki. Við erum mjög góðir í fótbolta og því var gaman að troða léttum sokk upp í marga.“

Norrköping tók á mikinn sprett þegar tíu leikir voru eftir og vann níu af þeim. „Það var eins og ýtt væri á „ON-takka“. Vélin fór bara að malla og við keyrðum á þetta. Þetta var æðislegt. Ég hef aldrei verið í svona góðu liði,“ segir Arnór Ingvi.

## Menn í misjöfnu ástandi

Keflvíkingurinn innsiglaði sigurinn í uppbótartíma með öðru marki Norrköping. Hann tók á rás út að hornfána til að fagna en meira man hann ekki. „Ef ég á að vera hreinskilinn varð bara allt svart. Ég skoraði og svona í miðjum fagnaðarlátunum hugsaði ég: „shit, við erum að verða meistarar“. Meira man ég ekki. Þetta var samt ótrúleg tilfinning,“ segir Arnór.

Fagnaðarlætin segir hann hafa verið mikil inn í klefa en svo tók við fimm tíma rútuferð frá Malmö til Norrköping. „Þar biðu 25 þúsund manns eftir okkur á torgi í bænum. Við vorum kallaðir upp og það var pínu fjör. Svo var bara farið út á lífið. Við áttum það skilið,“ segir Arnór, en lifðu allir af fimm tíma rútuferð heim í svona miklu stuði? „Menn voru í misjöfnu ástandi. Ég segi ekki meir,“ segir hann og hlær.

Arnór er eðlilega kampakátur með eigin frammistöðu í sumar, en hverju þakkar hann að koma að næstum þriðjungi marka meistaraliðsins í Svíþjóð?

„Ég lagði rosalega hart að mér og tók hausinn líka alveg í gegn. Ég fékk að kynnast sjálfum mér aðeins betur og það hefur hjálpað mér mikið. Ég æfði vel og er heppinn að vera með þjálfara sem treystir mér og gefur mér rosalega stórt hlutverk. Það er mjög mikilvægt,“ segir Arnór Ingvi sem gaf sitt fyrsta viðtal á sænsku undir lok tímabilsins.

„Ég er kominn betur inn í hlutina hérna, lífið og tungumálið. Orðaforðinn er svona í 80 prósentum en ég tala alveg sænsku þó það sé stundum hlegið að mér.“

## Langar í landsliðið

Aðspurður um næsta skref segist Arnór ekki vita hvað tekur við. „Ég hef ekkert spáð í því,“ segir hann. „Það gæti verið gaman að taka slaginn með Norrköping á næsta ári þegar liðið er líka í Meistaradeildinni en ef eitthvað spennandi kemur upp sem ekki er hægt að segja nei við er spennandi að sjá hversu langt maður kemst.“

Hann hefur ekki farið leynt með löngun sína að komast í íslenska landsliðið. Næstu leikir eru gegn Póllandi og Slóvakíu síðar í þessum mánuði. Það má búast við að Lars og Heimir fari að gefa öðrum tækifæri til að breikka hópinn fyrir EM næsta sumar og Arnór vill fá tækifæri.




„Auðvitað langar mann að komast þarna inn eftir þetta tímabil og það mun gerast fljótlega. Ég hef trú á því,“ segir Arnór Ingvi sem verður þó fyrst að spila leikinn um sænska ofurbikarinn gegn Gautaborg um næstu helgi.

„Það er alveg geðveikt,“ segir hann kaldhæðinn. „Það nennir enginn að spila þann leik.“ Hann á pantað flug heim til Keflavíkur 17. nóvember en það gæti eitthvað tafist fái hann tækifæri hjá landsliðinu. „Þau plön gætu breyst ef ég kemst í landsliðið ...“ Batteríið búið.

### 35 ár frá því síðast

Arnór Ingvi Traustason er áttundi íslenski knattspyrnumaðurinn sem hefur orðið sænskur meistari en auk þess hafa þær Sara Björk Gunnarsdóttir og Þóra Björg Helgadóttir unnið sænska titilinn fjórum sinnum hvor. Sara Björk varð sænskur meistari þriðja árið í röð á dögunum og voru því bæði sænsku meistaraliðin 2015 með íslenskan miðjumann í stóru hlutverki hjá sér.

Skúli Jón Friðgeirsson (Elfsborg 2012) og Guðjón Pétur Lýðsson (Helsingborg 2011) urðu báðir sænskir meistarar í litlum hlutverkum (báðir með 1 leik í byrjunarliði) en Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson unnu sænska titilinn saman sem byrjunarliðsmenn hjá IFK Gautaborg 2007. Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen unnu titilinn saman með Djurgården 2005 en Sölvi spilaði þá bara tvo leiki.

Arnór var með sjö mörk í 29 leikjum með Norrköping á tímabilinu og er þetta í fyrsta sinn frá 1980 sem íslenskur leikmaður skorar svo mörg mörk fyrir meistaralið í Svíþjóð eða síðan að Teitur Þórðarson skoraði 11 mörk fyrir meistaralið Öster 1980. Það var annar af þremur titlum Teits með Öster en hann skoraði 11 mörk þegar liðið vann 1978 og 4 mörk þegar liðið vann 1981.

Sara Björk Gunnarsdóttir hefur þó gert betur á meistaraári en hún hefur skorað 12 mörk (2011) og 8 mörk (2013) fyrir sænska meistara og skoraði síðan sjö mörk eins og Arnór á nýloknu tímabili.

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

| | | |
|---|---|---|
| Chelsea | 1–3 | Liverpool |
| Crystal Palace | 0–0 | Man. Utd |
| Swansea | 0–3 | Arsenal |
| Man. City | 2–1 | Norwich |
| Newcastle | 0–0 | Stoke |
| Watford | 2–0 | West Ham |
| WBA | 2–3 | Leicester |
| Everton | 6–2 | Sunderland |
| Southampton | 0–0 | Bournemouth |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 25 | Norwich | 9 |
| Arsenal | 25 | Bournem. | 8 |
| Leicester | 22 | Newcastle | 7 |
| Man. Utd | 21 | Sunderland | 6 |
| West Ham | 20 | Aston Villa | 4 |

**Hvað gerði Gylfi?**
Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea sem fékk 3-0 skell á heimavelli gegn sjóðheitu liði Arsenal.



**Stærstu úrslitin** Jürgen Klopp vann sinn fyrsta deildarsigur með Liverpool og það á Brúnni. Sigur sem gerir mikið fyrir Klopp og Liverpool en gerir vikuna enn erfiðari fyrir José Mourino, en öll spjót standa á honum.
**Hetjan** Fílabeinsstrendingurinn Arouna Koné tók sig til og skoraði þrennu í 6-2 stórsigri Everton á Stóra Sam og lærisveinum hans í Sunderland. Everton komið aftur á sigurbraut með stæl.
**Kom á óvart** Joel Campbell skoraði sitt fyrsta deildarmark fyrir Arsenal. Kostaríkamaðurinn sló í gegn á HM í fyrra en var á láni á Villareal á síðustu leiktíð. Gott hjá honum að vera kominn á blað.

**Bræður og systur! Hendið svefnmeðalinu ykkar og horfið frekar á United leiki, virkar betur!**

Tryggvi Hafsteinsson
@Tryggvi85

GERÐI BETUR EN FYRIR 19 ÁRUM
Ólafur Stefánsson sneri óvænt aftur í lið Vals um helgina vegna meiðsla í herbúðum toppliðsins. Landsliðsfyrirliðinn fyrrverandi hafði ekki spilað leik síðan hann varð Íslandsmeistari eftir sigur í leik fjögur gegn KA í Höllinni 5. apríl 1996. Nítján ár, sex mánuðir og 26 dagar voru á milli leikja hjá Ólafi sem leikmaður. Hann gerði betur en síðast og skoraði sex mörk, en Ólafur skoraði fjögur í leiknum gegn KA fyrir 7.148 dögum.



SIGURGANGAN Á ENDA
Valskonur bundu enda á átta leikja sigurgöngu ÍBV í Olís-deild kvenna, en Eyjakonur töpuðu sínum fyrsta leik að Hlíðarenda um helgina. Eftir frækinn sigur á Íslands- og bikarmeisturum Gróttu í vikunni fékk ÍBV 28-17 skell gegn Val þar sem Kristín Guðmundsdóttir fór á kostum og skoraði níu mörk. Valur og Grótta eru nú jöfn að stigum á toppnum með 16 stig.





## MÓTAÐ ÚR TRÉ LE CORBUSIERS

**Hönnuðurinn Jaime Hayón hefur smíðað nokkra fallega muni úr tré sem arkitektinn Le Corbusier plantaði við Le Lac sveitasetur sitt. Hayón hannaði hlutina, sem eru fugl, hilla og lyklahús, fyrir ítalska merkið Cassina í tilefni af því að fimmtíu ár eru frá dauða Le Corbusier.**


Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.




GEZE



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JÁRN & GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

TUDOR RAFGEYMAR

Er jeppinn tilbúinn í ferðalagið?




TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper.
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir.
Mikið kaldræsipol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is




**SMEKKKONA** Erla Kolbrún Óskarsdóttir á fallegt heimili en hún er nýflutt í íbúðina ásamt fjölskyldu sinni. Henni finnst gaman að breyta og gera fallegt í kringum sig. MYNDIR/GVA

# HEIMILIÐ ER GRIÐASTAÐUR

**INNLIT** *Erla Kolbrún Óskarsdóttir á fallegt heimili. Henni finnst gaman að breyta til og fær með því nýja og góða orku.*

Innanhússhönnun er eitt af aðaláhugamálum Erlu Kolbrúnar Óskarsdóttur, lyfjatæknis og aðstoðarkonu hjá Gyðju Collection. Hún er nýflutt úr pínulítilli íbúð þar sem þröngt var um fjölskylduna í aðra sem rúmar alla fjölskyldumeðlimi og segir hún það vera góða tilbreytingu. Erla Kolbrún er mikið fyrir að breyta til á heimilinu enda er það verkefni sem klárast aldrei fyrir henni. „Við eigum að vera óhrædd við að breyta til. Heimilið er okkar griðastaður og þar á manni að líða best og með breytingum kemur inn ný og góð orka sem eykur vellíðan. Uppáhaldsherbergið mitt í íbúðinni er klárlega svefnherbergi okkar hjóna en það er minn griðastaður. Þar er ég með snyrtiborðið mitt, en mér finnst fátt eins þægilegt og að byrja daginn þar með góða tónlist á og gera mig til fyrir daginn. Svo finnst stelpunum mínum rosalega skemmtilegt að stelast í allt snyrtidótið mitt og gera sig fínar. Ég get hins vegar ekki haft það huggulegt heima ef eldhúsið er ekki hreint og fínt. Annars nýt ég þess að kveikja á kertum um alla íbúð og kúra með eiginmanninum uppi í sófa yfir góðri kvikmynd," segir hún og brosir.

**SPEGILL Í UPPÁHALDI**

Að mati Erlu Kolbrúnar eru það litlu hlutirnir sem setja punktinn yfir i-ið í ➜

**VELLÍÐAN**

„Við eigum að vera óhrædd við að breyta til. Heimilið er okkar griðastaður og þar á manni að líða best og með breytingum kemur inn ný og góð orka sem eykur vellíðan."









**BESTI STAÐURINN** Uppáhaldsherbergi Erlu Kolbrúnar er svefnherbergið. Þar er hún með snyrtiborðið sitt en henni finnst þægilegt að byrja daginn þar.

skreytingum heimilisins og finnst henni gott að vera umkringd búddastyttum og öðrum trúartáknum. „Það hvílir værð yfir heimilinu með þeim. Afskorin blóm finnst mér vera nauðsynlegt að vera með og ég hef lagt það í vana minn að kaupa fersk blóm á hverjum föstudegi. Svo finnst mér gaman að dreifa þeim í litla blómavasa víðsvegar um heimilið.“

Uppáhaldshlutur hennar er spegill sem hún fékk gefins frá pabba sínum en hann fékk hann í fertugsafmælisgjöf. „Þessi spegill hefur verið í uppáhaldi síðan ég man eftir mér. Þegar ég var lítil þá var hann svo stór og prinsessulegur þannig að mér fannst fátt eins skemmtilegt og að syngja og dansa fyrir framan hann. Pabbi var svo elskulegur að gefa mér hann og núna prýðir hann heimilið mitt,“ segir hún og brosir.

Erla Kolbrún segist elska að liggja upp í rúmi með tölvuna og skoða úrvalið hjá íslenskum netverslunum. „Uppáhaldsverslanirnar mínar eru Hjarn.is og Snúran.is og uppáhaldshönnuðurinn er Arne Jacobsen. Ég hafði látið mig dreyma um glæran Kartell-lampa í ansi mörg ár. Þegar ég varð þrítug í apríl síðastliðnum og fékk gjafakort frá systkinum mínum fór ég því beinustu leið í Casa í Kringlunni og keypti mér einn slíkan. Það var smá vandræðalegt móment þegar ég keypti lampann því það féllu nokkur gleðitár, ég veit ekki hvað aumingja afgreiðslustúlkan hefur haldið,“ segir Erla Kolbrún og hlær. Hún bætir við að það næsta á óskalistanum sé STRING-samstæða í stofuna.



**Í ELDHÚSINU** hjá Erlu Kolbrúnu er þessi skemmtilega lausn notuð til að hengja upp myndir og minnismiða.



**TRÚARTÁKN** Erlu Kolbrúnu þykir gott að vera umkringd búddastyttum og öðrum trúartáknum. „Það hvílir værð yfir heimilinu með þeim.“



**HLÝLEGT** Fólki líður eins og það sé velkomið í heimsókn í forstofunni hjá Erlu Kolbrúnu.



**DRAUMALAMPINN** Kartell-lampann keypti Erla Kolbrún nýlega en hana hafði langað lengi í hann.



**NOTALEGT** Það er notalegt að kúra í stofunni þegar búið er að kveikja á kertum í kertaarninum.

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 • landmark.is
Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 897 8266
Sigurður Samúelsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 896 2312
Sveinn Eyland, Löggiltur fasteignasali, Sími 690 0820
Íris Hall, Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, Sölustjóri, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 770 0309
Eggert Maríuson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir, skjalagerð
Benedikt Ólafsson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 661 7788
Nadia Katrín, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 692 5002
Rúnar Óskarsson, Aðstoðarmaður fasteignasala / MBA, Sími 895 0033

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali



Mikil sala
Vantar eignir á skrá

**Bergstaðastræti 60**
Opið hús þri. 20. okt.
kl. 17:00-17:30




- Þríbýlishús, 224,8 fm
- Möguleiki á 2 íbúðum
- Miklir útleigumöguleikar
- 7 svefnherbergi
- 4 salerni - 2 baðherbergi
- Lítið mál að búa á neðri hæð og leigja út 4-5 herb.

**Safamýri 59**
Opið hús fim. 22. okt.
kl. 17:00-17:30




- Afhending STRAX, við kaupsamning
- Möguleg yfirtaka á ca.23 millj kr láni frá LSB
- Afborgun 125 þús pr/mán.
- Sér inng. Þvottah og geymsla, sama hæð.
- Vel skipulögð íbúð, skráð Þ.Í. fm 102,6
- Hægt að gera útgengi út í garð
- Jarðhæð, lítillega niðurgrafin

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

**Pétur Pétursson**
**lögg. fasteignasali**
*Petur@berg.is*

# Opið hús á Sævangi 25

**Miklaborg hefur til sölu glæsilegt og heillandi einbýlishús við Sævang í Hafnarfirði í rólegri botnlangagötu við hraunjaðarinn með glæsilegu útsýni yfir hraunið, fjörðinn og út á haf. Fjögur til fimm svefnherbergi, garður í algjörum sérflokki.**



Fallegt fjölskylduhús í Hafnarfirði.

Húsið er skráð 347,8 fm, þar af er innbyggður bílskúr 46,6 fm. Gengið er inn í flísalagt anddyri með fatahengi og skáp. Þaðan er komið í rúmgott flísalagt hol. Á vinstri hönd er björt glæsileg stofa með arni og þaðan nokkur þrep upp í borðstofu. Mikil lofthæð er í stofu og borðstofu, en hálfopið er á milli. Gott flæði er í húsinu, en gengið er í eldhús bæði úr holi og borðstofu. Eldhúsið er stórt og bjart með gluggum út í garðinn. Frá holi er gengið upp á efstu hæð hússins þar sem er skemmtilegt rými sem má nota bæði sem setustofu og sjónvarpsstofu. Þaðan er komið út á stórar suðursvalir með góðu útsýni yfir hraunið, fjörðinn og út á haf. Efst er gott bókaherbergi.

Úr sjónvarpsstofu og úr bókaherbergi er opið niður í stofu og borðstofu. Frá holi er gengið upp á efri gang þar sem eru tvö stór parketlögð barnaherbergi, rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi inn af með útgangi út á skjólgóðar svalir. Þar er einnig flísalagt baðherbergi með sturtu, baðkari og góðum innréttingum sem gengið er í bæði úr hjónaherbergi og af gangi. Við hliðina á baðherberginu er gott flísalagt þvottahús með glugga og innréttingu. Úr holi er jafnframt gengið niður á neðri gang. Þar er nú eitt barnaherbergi, en eru tvö skv. teikningu, lítið baðherbergi með sturtu og inngangur í stóran einfaldan bílskúr. Á neðstu hæð eru tvær góðar geymslur og stórt parketlagt tómstundaherbergi. Inn af tómstundaherbergi er sánaklefi með góðri baðaðstöðu og hvíldarherbergi. Úr garði er gengið inn í geymslu. Að sögn eigenda var húsið málað fyrir um fjórum árum. Innréttingar eru að mestu upprunalegar en mikill metnaður einkennir frágang og hönnun sem arkitektarnir Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall eiga heiðurinn af.

***Allar nánari upplýsingar veitir Þórunn Pálsdóttir, löggiltur fasteignasali, s. 773 6000, thorunn@miklaborg.is***

***Opið hús verður þriðjudaginn 3.nóvember milli kl 17 og 17.30.***

heimili fasteignasala
– á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Erla Dröfn Magnúsdóttir Lögfræðingur
Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook




**Grýtubakki 18 – góð 3ja herb. Opið hús.**
Um 88 fm íbúð í Bökkunum. Tvö góð svefnherbergi, eldhús/borðstofa og stofa í opnu rými, gengið út á suðursvalir. **Gott verð, kr 22.5 millj.** **Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 18:15 - 18:45.**
Upplýsingar veitir Gunnlaugur 617 5161 gab@heimili.is




**Þrastarás 14 - Glæsileg 3ja. Opið hús**
Glæsileg 3 herb. íbúð á 2. hæð í 3. hæða fjölbýli. Íbúðin er með tveimur svefnh.auk þess er geymsla innan íbúðar sem hægt er að nota sem auka herbergi. Björt og rúmgóð stofa með gluggum sem snúa í vestur. Parket á gólfum. **Opið hús mánudaginn 2. nóv. kl. 18:00-18:30**
Allar nánari upplýsingar veitir Erla, erla@heimili.is.




**Hraunbær - Rúmgóð 4ra herb.**
Þrjú góð svefnherbergi, eldhús sem er opið inní stofu, mikið útsýni til vesturs og flísalagðar svalir. Sameign er snyrtileg og í bakgarði er sameiginlegt leiksvæði með leiktækjum og körfuboltavelli. Sanngjarnt **verð kr. 25,9 millj.**
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.




**Álfaborgir 15 - 3ja herb. Opið hús.**
Sér inngangur. Tvö góð svefnherbergi. Baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf. Rúmgott eldhús með fallegu útsýni yfir Esjuna og Snæfellsjökul. Björt stofa með útgengi út á suðursvalir. Góð eign í grónu hverfi þar sem öll þjónusta er við hendi. **Verð: 26,9 millj. Opið hús í dag frá kl. 18:00 - 18:30.** Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.




**Fífuvellir 11 - Endaraðhús. Opið hús.**
Endaraðhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum og stendur á 604 fm frágegninni lóð á góðum stað. Húsið er skráð alls 211 fm, Íbúðarrými 161,7 fm og innbyggður bílskúr 49,5 fm. Byggingarár 2005. Laust til afhendingar. **V. 49,0 m. Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:15 18:45.**



**Freyjubrunnur - aðeins 3 íbúðir eftir.**
Í sérlega vönduðu nýju fjölbýlishúsi eigum við eftir þrjár óseldar íbúðir. Eina 71 fm 2ja herbergja og tvær 91 fm 3ja herbergja. Öllum íbúðum fylgja stæði í bílageymsluhúsi. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna. Afhending í mars 2016. **Verð frá 27,5 milljónir.** Frekari upplýsingar veita Finnbogi og Brynjólfur á skrifstofu.




**Daggarvellir 6 - góð 3ja. opið hús.**
Tvö góð barnaherbergi og stórt hjónaherbergi, rúmgóðar suður svalir út frá stofu. Sér þvottahús innan íbúðar. Innréttingar úr kisuberjavið, hurðar úr Mahogny og sérvalið Merbau parket á gólfum. Falleg og vönduð eign. **Verð 29,9 millj. Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:15 - 17:45.**
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.




**Fjallalind 18 - Fallegt endaraðhús. Opið hús**
Fjögurra herbergja raðhús á einni hæð, 131 fm að stærð með innbyggðum bílskúr. Góður sólpallur og fallegur garður. Mjög góð staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla og aðra þjónustu. **Verð 47,5 millj. Opið hús á morgun þriðjudag 3. nóvember frá kl. 17:30-18:00.**
Frekari upplýsingar veitir Jón, 777-1215.




**Starengi 110 - vel skipulagt einbýli á einni hæð.**
Vel við haldið um einbýli ásamt bílskúr, alls 165 fm. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Almennt mjög gott ástand og gott skipulag. Glæsilegur garður og sólpallar. Frábær staðsetning innst í botnlanga. Afhending í Apríl 2016. **Verð 49,9 millj. Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:15 - 17:45.**
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Espigerði - falleg 4ra með miklu útsýni.**
Falleg um 116 fm íbúð á 5. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er með 3 herbergjum og bjartri stofu. Tvennar svalir með miklu útsýni. Vandað parket á gólfum. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Frábær staðsetning. **Verð 39,9 millj.**
Frekar upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** 530 6500

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

2014 Framúrskarandi fyrirtæki



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Sölumaður
gisli@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

## Byggingarlóðir í byggðu hverfi í Kópavogi.

**Höfum til sölu tvær byggingarlóðir undir parhús og eina undir einbýlishús í Hvörfunum í Kópavogi. Lóðirnar eru byggingarhæfar nú þegar.**

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

### Goðatún – Garðabæ.



Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk bað-húss á baklóð og stórrar útigeymslu.

Miklar og skjólgóðar verandir eru á framlóð hússins og baklóð hússins er öll afgirt með viðar- og hellulagðri verönd með heitum potti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförnum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. Eignin er byggð á vandaðan máta og eru innihurðir og hluti loftaklæðninga úr tekki.

**Verð 59,9 millj.**

### Vatnsendablettur - Kópavogi. Einstök staðsetning.



Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu.

**Þetta er glæsilegt og vandað hús með einstakri staðsetningu við Elliðavatnið. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugafólk. Fyrir liggur heimild um byggingu hesthúss á lóðinni fyrir 6 hesta.**

**Verð 99,0 millj.**

### Markarflöt – Garðabæ



Glæsilegt 315 fm. einbýlishús að meðt. 42,0 fm. bílskúr á rólegum útsýnisstað innarlega á Markarflöt. Að innan er eignin nýlega endurnýjuð á afar vandaðan og smekklegan hátt og er í góðu ástandi. Allar lagnir innan hússins hafa verið endurnýjaðar nýlega. Eignin skiptist m.a. í rúmgóðar og bjartar stofur með útgengi á verandir til suðurs og vesturs, glæsilegt eldhús, þrjú til fjögur barnaherbergi og þrjú baðherbergi auk rúmgóðrar hjónasvítu með sér baðherbergi og fataherbergi auk útgengis á verönd.

### Furuás- Hafnarfirði. Raðhús á einstökum útsýnisstað



Frábærlega staðsett raðhús á tveimur hæðum með mikilli lofthæð á einstökum útsýnisstað innst í Furuási í Hafnarfirði. Húsin er staðsteypt og með hlöðnum milliveggjum. 12,1 fermetra svalir eru útaf stofum og útgengi á verönd úr eldhúsi. Fjögur svefnherbergi og fataherbergi innaf hjónaherbergi. Húsin skilast fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð, en að innan skilast húsin tilbúin undir innréttingar.

- **Furuás 23- endahús – stærð 233,4 fermetrar. Verð 55,0 millj.**
- **Furuás 25- miðjuhús – stærð 249,2 fermetrar. Verð 55,0 millj.**
- **Furuás 27- endahús – stærð 233,4 fermetrar. Verð 55,0 millj.**

**Góð staðsetning í enda götu við opið svæði og stutt er í fallegar útivistarperlur.**

### Neðstaleiti. 5 herbergja íbúð á efstu hæð.



Falleg 138,3 fm. íbúð á 3. hæð og í risi við Neðstaleiti.

Stórar suður svalir með fallegu útsýni. Sérstæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Rúmgott eldhús, sjónvarpshol, stofa og 3 herbergi. Möguleiki að útbúa herbergi í risi.

Hús að utan er í góðu ástandi og falleg gróin lóð.

Sameign mjög snyrtileg.

**Verð 47,9 millj.**

### Eskihlíð - útsýnisíbúð.



Virkilega falleg 125,0 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð með suðvestursvölum í nýviðgerðu og máluðu fjölbýlishúsi.

Mjög stórar samliggjandi stofur, sem auðvelt er að stúka af þriðja svefnherbergið í ef vill. Aukaherbergi í kjallara, sem mögulegt er að leigja út og sér geymsla í kjallara. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og fallegar upprunalegar innréttingar í eldhúsi. Allt gler og allir gluggar auk útihurða eru nýendurnýjuð.

**Verð 41,9 millj.**

### Lindargata. Glæsileg 3ja herbergja – laus strax.



Ný og glæsileg 97,7 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum suðursvölum að meðtaldri sér geymslu og sér bílastæði í bílageymslu við Lindargötu 39. Íbúðin er ný og aldrei hefur verið búið í henni. Allar innréttingar og innihurðir eru úr hnotu og vönduð tæki eru í baðherbergi og í eldhúsi. Granít er á borðum eldhúsinnréttingar og fallegur útbyggður stór gólfsíður gluggi í stofu. Húsið að utan er klætt með flísum og því viðhaldslítið og gluggar í húsinu eru ál/tré.

**Eignin er laus til afhendingar nú þegar.**

**Verð 54,9 millj.**

### Naustavör 8 – 12, Kópavogi. Nýjar íbúðir.




Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 87,5 fm. upp í 153,9 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**

**Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**

### Vindakór 10 – 12, Kópavogi. Nýjar 4ra og 5 herbergja íbúðir.




Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi. Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm. Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**

| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Opnum í Skipholti 70

Hafið fiskverslun hefur opnað eina glæsilegustu fiskverslun landsins í Skipholti 70, þar sem fiskbúðin Hafrún var til húsa.



Þetta er Elmar, verslunarstjóri í Skipholti.

## Tilboð vikunnar

Gildir 2. - 6. nóvember

Spænskur saltfiskréttur
1490 kr. kg.



Fiskibollur
990 kr. kg.

Þorskur í basil og hvítlauk
1490 kr. kg.

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ
FISKVERSLUN

# Ég trúi á tónlistina og það sem hún gerir fyrir okkur

**Stórsveit Reykjavíkur heldur útgáfutónleika í Kaldalóni Hörpu í kvöld klukkan 20 þar sem sveitin flytur verk eftir Jóel Pálsson í útsetningum Kjartans Valdemarssonar sem nýlega komu út á plötunni Innri.**

Jóel Pálsson segir að þeir Kjartan hafi starfað með Stórsveitinni um árabil sem óbreyttir meðlimir og séu báðir búnir að vera viðloðandi þennan bransa lengi. „En þetta er þó í fyrsta skipti sem Stórsveitin spilar tónlistina mína sem er venjulega skrifuð fyrir smærra band. Upphaflega hugmyndin varð til á afmælishátíð Félags íslenskra tónskálda og textahöfunda en þá spilaði Stórsveitin lag eftir mig sem Kjartan útsetti. Það kom bara skratti vel út og þá kom upp þessi hugmynd að gera heila dagskrá með tónlistinni sem er núna klár og platan komin.“

Jóel segir að upptökur hafi farið fram í Stúdíó Sýrlandi í Vatnagörðum í sumar og að um 20 manns séu í sveitinni að meðtöldum aukamönnum sem tóku þátt í flutningnum. „Þarna er valinn maður í hverju rúmi svo þetta gekk allt glimrandi vel fyrir sig.“ Jóel var þó ekki með Stórsveitina í huga þegar þessi lög voru samin á sínum tíma. „Það eru svona fimmtíu til sextíu lög á plötunum mínum og við fórum að velja úr þeim þau sem hentuðu best og hafa í bland við nýtt efni. Svo eru fáir betur til þess fallnir en Kjartan Valdemarsson til þess að útsetja þetta enda þekkir hann Stórsveitina vel og hefur verið að færa sig þar upp á skaftið sem útsetjari með góðum árangri. Þetta var mjög skemmtilegt ferli og það merkilega er að eftir að maður hefur verið að vasast í þessu þá finnst mér eins og sum lögin hafi alltaf átt að vera svona eins og þau eru í þessum útsetningum þegar maður er farinn að venjast þeim.

Það skiptir líka miklu máli að Stórsveitin er búin að vera í stöðugri framför og mikill metnaður í mannskapnum að gera vel. Við spilum tónleika á nokkra vikna fresti og fyrir marga okkar er þetta ákveðið akkeri að hittast þarna reglulega og vinna að afmörkuðum verkefnum í þessum góða félagsskap.“

Jóel segir að titillag plötunnar Innri hafi verið sótt í ákveðnar pælingar um trúarbrögð á sínum tíma og þörf mannsins fyrir þau. „INRI með einu enni er latnesk skammstöfun fyrir Jesús frá Nasaret og þetta er bara smá útúrsnúningur á því. En ég get að minnsta kosti sagt að ég trúi á tónlistina og það sem hún gerir fyrir okkar INNRA taugakerfi. Þannig hefur það í raun verið frá blautu barnsbeini enda er ég kominn úr mjög tónlistarlega sinnaðri fjölskyldu.“

**magnus@frettabladid.is**



**Jóel Pálsson hefur starfað lengi innan Stórsveitar Reykjavíkur sem flytur lögin hans í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dularfullar dúkkur

**BÆKUR**

★★★★☆

**Dúkka**

**Höfundur:** Gerður Kristný
**Myndskreyting:** Linda Ólafsdóttir
**Mál og menning**
**Prentun:** Oddi
**97 bls.**




Gerður Kristný hefur sent frá sér hrollvekjuna Dúkka, fyrir börn frá átta ára aldri. Hún er fljótlesin, enda bæði stutt og spennandi. Sagan segir frá hinni tíu ára Kristínu Kötlu sem eyðir afmælispeningum sínum í dúkku af ákveðinni gerð sem allar stelpur eru með æði fyrir. Þessar dúkkur ganga fyrir sérstökum rafhlöðum og þeir sem kaupa dúkku geta skráð sig á heimasíðu fyrirtækisins og fengið orðsendingar sendar reglulega í pósti. Vinkona Kristínar Kötlu, hún Sólveig, fékk svoleiðis dúkku fyrir ári síðan, langt á undan öllum hinum stelpunum – en nú, í kringum hrekkjavöku, er eins og eitthvað dularfullt sé að koma í ljós. Sólveig er afar utan við sig og Kristín Katla og tvíburabróðir hennar, Pétur Uni, fyllast áhyggjum. Sjálf fyllist Kristín Katla auk þess ólýsanlegri væntumþykju til dúkkunnar sinnar.

Samfara þessum hörmungum syrgja systkinin einnig föður sinn, sem lést nokkrum mánuðum fyrr. Ferlið hefur verið erfitt og mamma er alls ekki sjálfri sér lík. Höfundur segir fallega frá því hvernig fjölskyldan finnur smám saman taktinn aftur og hjálpast að í sorginni.

Myndlýsingar Lindu Ólafsdóttur eru frábærar, hið eina sem út á þær má setja er að myndirnar hefðu mátt vera fleiri. Hún leggur natni í smáatriðin og myndbygging fer vel á síðunum. Bókin er virkilega falleg og það er hægt að verja góðum stundum í að dást að henni.

Eflaust má lesa í söguna boðskap og vangaveltur um fyrirmyndir ungra stúlkna, hjarðhegðun, mikilvægi þess að gleyma ekki sjálfum sér og leggja rækt við það sem manni er kærast ... en eins og almennilegum barnabókum er lagið er hann ágætlega falinn. Dúkka er fyrst og fremst æsispennandi saga fyrir unga krakka, höfundur dreifir vísbendingum jafnt yfir kaflana svo lesandinn sökkvir sér í söguþráðinn. Málfar og orðaval er einfalt, þótt einstaka langlokur læðist inn á milli, og letur auðlæsilegt svo ungir lesendur ættu að geta tekið bókina upp í rúm með sér á kvöldin – þótt það sé kannski ekki ráðlegt nú þegar myrkva tekur fyrir háttatíma!

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hrollvekjandi bók fyrir yngstu spennufíklana, sem líka fjallar um vináttuna, falleg fjölskyldubönd og það að læra að lifa með sorginni.

## Glundroði í Garðabæ

**LEIKHÚS**

★★☆☆☆

**(90)210 Garðabær**
**eftir Heiðar Sumarliðason**

**Leikfélagið Geirfugl**
**Þjóðleikhúsið - Kassinn**
**Leikarar:** María Heba Þorkelsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Svandís Dóra Einarsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Vigdís Másdóttir
**Leikstjóri:** Heiðar Sumarliðason
**Dramatúrg:** Bjartmar Þórðarson
**Sviðsmynda- og búningahönnun:** Kristína R. Berman
**Ljósahönnun:** Magnús Arnar Sigurðarson

Þrjár vinkonur hittast í óhemjustóru einbýlishúsi í Garðabæ. Sóley, heimavinnandi húsmóðir, trúir lyfjafræðingnum Steinunni og fyrirtækjaeigandanum Bergdísi fyrir því að sonur hennar sé að lenda í „böggi“. Sökudólgurinn er víst sonur „félagsmálapakks“ úr fjölbýli en eftir hvítvínsdreitil þeysist þríeykið upp á Nónhæð til að ræða málin við móður drengsins. En allt fer úr böndunum og nú er bara spurning um að halda andliti því enginn í Garðabæ aflýsir matarboði.

(90)210 Garðabær er þriðja leikritið eftir Heiðar Sumarliðason, en hann leikstýrir einnig. Sýningin var frumsýnd í Kassanum síðastliðinn föstudag og er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Leikfélagsins Geirfugls. Ný íslensk frumsamin leikrit eru gleðiefni en kætin hvarf snemma því mýmargir handritsgallar koma fljótlega í ljós.

Háðsdeila er ógnarlega erfið og snúin leikhústegund, blanda af kolsvörtum húmor og hádrama. Aðalatriðið er að finna því rétt form og framsetningu. Hvorugt heppnast að þessu sinni. Klisjurnar bera leikritið og persónur ofurliði, gjörðir verða þannig afskræming af atferli sem fáir kannast við og meginstef verksins týnast. Einnig eru margar tilvísanir verksins furðulega gamaldags.

Yfir heimilishaldinu trónir Steinunn leikin af Vigdísi Másdóttur en fyrir utan örfá skipti þar sem Steinunn skiptir skapi þá verður stjórn hennar á aðstæðum frekar þreytandi. Vigdís gerir vel en hefur úr litlu að moða. Bergdís, sem Svandís Dóra Einarsdóttir leikur, er villtari útgáfa af Steinunni, en enn er bið eftir því að hún fái hlutverk sem hæfir hennar hæfileikum. Persónur þeirra eru keimlíkar, þróast ekki og fljóta einbeittar í gegnum sýninguna. María Heba Þorkelsdóttir hefur nánast ekkert að gera í verkinu, þrátt fyrir að rót verksins sé hennar aðstæður. Hún eyðir meira hlutanum af verkinu í þöglu grátkasti, vökvað enn frekar með góðum slurk af vodka.

Aðalhlutverk fyrir konur er fagnaðarefni, líkt og ný íslensk verk, en ekki er nóg að einskorða sig við þá viðmiðun. Nauðsynlegt er að skrifa góð hlutverk fyrir konur. Þrenningin er nefnilega lítið meira heldur en karllægar erkitýpur s.s. húsmóðirin, hóran og hysterían. Í raun eru hlutverk karlmannanna betur unnin, þó ekki gallalaus.

Stefán Hallur Stefánsson stendur sig með ágætum en lögfræðingurinn Loftur er bitastæðasta hlutverkið, hann virðist þó vera í annarri sýningu því leikstíllinn er óvægnari og gróteskari en hjá hinum í leikhópnum. Sveinn Ólafur Gunnarsson gerir sitt besta í fremur yfirborðskenndu hlutverki en er skástur í mótleik við Stefán Hall. Persónur þeirra eru nefnilega bara tvær hliðar af sama karlpeningnum.

Synir persónanna, innra afl söguþráðarins, koma varla við sögu eins og öll börn í verkinu. Sum eru nefnd með nafni, önnur ekki og virðast varla vera á radíus foreldra sinna. Aðrar persónur hverfa líka út í eterinn. Lalli, sjötti matargesturinn í matarboðinu óljósa, hverfur með einu símtali. Engin kvennanna tjáir efasemdir um verknaðinn í orðum, þær tala í yfirlýsingum og lokasena verksins er framkvæmd án undirbyggingar.

Vandamálið er ekki einungis handritið heldur einnig leikstjórnin. Súrrealíska sjónarhorninu er ekki gefið nægilegan gaum þó að fáeinar senur slái rétta tóninn en sýningin er stofudrama í sinni bókstaflegustu mynd, þrátt fyrir eitt stutt og óþarft uppbrot. Þó að sýningin sé einungis klukkutími og korter má finna fjölmörg svarthol þar sem framvindan hreinlega deyr, sérstaklega þegar matarboðið fer úr böndunum og leysist upp í einstaklega þreytandi usla sem hefur einnig engar tilfinningalegar afleiðingar fyrir persónur verksins.

Sviðsmynda- og búningahönnun er í höndum Kristínu R. Berman en hvorugt var sérlega eftirminnilegt. Naumhyggjan sem ríkir í stofunni virðist vera tómleg frekar en fáguð og búningarnir stílhreinir en óspennandi. Svipaða sögu má segja um lýsingu Magnúsar Arnars, vegglýsingin var fín en annað skildi lítið eftir.

Biðin eftir splunkunýju og spennandi íslensku leikverki lengist. Handritið (90)210 Garðabær nær aldrei að uppfylla fagurfræðilegar kröfur því Heiðar klikkar á grunnhugmyndum s.s. innri átök, afleiðingar og persónur hreinlega glatast í verkinu.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Meingallað handrit. Á veikum grunni er ómögulegt að byggja.

HOLME GAARD · ROSENDAHL COPENHAGEN · WMF · LIVING GEORG JENSEN · ROYAL COPENHAGEN · Villeroy & Boch 1748




# Fyrirtækjagjafir

Vefverslun www.kunigund.is





Aðstoðum fyrirtæki við að finna gjafir til starfsfólks við hæfi. Gott úrval og fallegar vörur.

Allar frekari upplýsingar í síma 5513469 eða kunigund@kunigund.is

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur – Kringlan – Vefverslun

www.kunigund.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola í Laugarásbíói

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5:30, 8 |
| SCOUTS GUIDE, ZOMBIE APOCALYPSE | 8, 10 |
| HÓTEL TRANSYLV. 2D ÍSL | 6 |
| CRIMSON PEAK | 10:30 |
| EVEREST 3D | 5;30, 8 |
| SICARIO | 10:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
FRÁBÆR GRÍNMYND ÞAR SEM SKÁTARNIR SÝNA AÐ ÞEIR ERU ÁVALLT VIÐBÚNIR
SCOUTS GUIDE TO THE ZOMBIE APOCALYPSE
VIN DIESEL ÓLAFUR DARRI
★★★★ ROGER EBERT ★★★★ DEN OF GEEK
THE LAST WITCH HUNTER
Frá þeim sömu og færðu okkur Pitch Perfect.
★★★ ROGER EBERT
JEM
EVEREST ★★★★ TIME OUT LONDON
★★★★ TIME OUT LONDON ★★★★ THE NEW YORKER
PAN
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI SÝND Í 2D OG 3D
LEGEND
BLACK MASS

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:30 |
| LEGEND | KL. 10:40 |
| BLACK MASS | KL. 8 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ ÞAÐ? | KL. 6 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| BLACK MASS | KL. 10:30 |
| THE INTERN | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| CRIMSON PEAK | KL. 10:40 |
| LEGEND | KL. 8 - 10:30 |
| EVEREST 2D | KL. 5:20 - 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 - 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
BRADLEY COOPER
Misstu ekki af bragðbestu mynd ársins!
BURNT
græna ljósið
GULLPÁLMINN SIGURVEGARI CANNES 2015
KVIKMYND EFTIR JACQUES AUDIARD
DHEEPAN
KLOVN FOREVER
JEM
★★★★ - MBL
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

## Opinn fundur

**Hvað?** Flóttamaður eða hælisleitandi, skiptir það máli?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Norræna húsið
Í hádeginu verður haldinn opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Mun Skúli Á. Sigurðsson, verkefnisstjóri á hælissviði hjá Útlendingastofnun, gera grein fyrir íslenska lagaumhverfinu og framkvæmd og starfsemi Útlendingastofnunar. Auk þess verða pallborðsumræður þar sem Unnur Brá Konráðsdóttir, Arndís A. K. Gunnarsdóttir og Guðbjörg Ottósdóttir munu leggja sitt í púkkið. Fundarstjóri er Bogi Ágústsson fréttamaður. Allir velkomnir.

**Hvað?** Ljóðalestur og rabb
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Vilborg Dagbjartsdóttir skáldkona og Þorleifur Hauksson fræðimaður leggja leið sína í Hannesarholt í kvöld þar sem þau ætla sér að bjóða gestum upp á ljóðalestur og svolítið rabb. Miðasala á midi.is

## Tónlist

**Hvað?** INNRI - útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu.
Stórsveit Reykjavíkur heldur í kvöld tónleika í Kaldalóni, í tilefni útkomu plötunnar Innri, en á henni leikur Stórsveitin verk Jóels Pálssonar í útsetningum Kjartans Valdemarssonar. Stórsveit Reykjavíkur hefur það sem eitt af sínum meginmarkmiðum að flytja nýja íslenska tónlist og þessir tónleikar falla sannarlega undir það. Miðasala á harpa.is.



**Norræna húsið hýsir Opinn fund um málefni flóttafólks í hádeginu í dag.**

**Hvað?** Crazy punk party
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Kaffistofa, Hverfisgötu 42.
Airwaves er handan við hornið svo Lord Pu$$whip heldur utan um allsherjarpartí í tilefni þess. Meðal þeirra sem koma fram auk Lord Pu$$whip eru Svarti Laxness og vRong, Marteinn, Yasmin, Quasmus og Skeng.

**Hvað?** Írskir tónar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex Hostel
Í kvöld munu írskir tónar óma um Kex, en þar munu stíga á svið sveitirnar Slow Skies, Talos og Daithí. Allir velkomnir.

**Hvað?** One Bird Orchestra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn
Belgíska sveitin One Bird Orchestra heldur tónleika á Gauknum í kvöld. Allir velkomnir.

**Hvað?** Off Venue dagskrá á Lucky Records
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg 10.
Lucky Records ætlar að hefja Airwaves-leika strax í dag og hefst dagskráin klukkan 14.00 og stígur síðasti listamaður dagsins á svið klukkan 21.00. Þeir tónlistarmenn sem koma fram í dag eru Sveinn Guðmundsson, Milkhouse, Brilliantinus, Hemúllinn, Shady, Rebekka Sif, Ingunn Huld og Ása Lind með dj-settið sitt. Allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.



**Kaldalón verður fyllt með fögrum tónum Stórsveitar Reykjavíkur.**



**Vilborg Dagbjartsdóttir skáld verður í Hannesarholti í kvöld.**



**Lord Pusswhip stendur vaktina á Kaffistofunni í dag.**

STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stúlkurnar á Kleppi | 18:00 | Pawn sacrifice IS SUB | 20:00 |
| Jóhanna - síðasta orrustan | 18:00 | Rams/Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Ice and the sky ENG SUB | 18:00 | Love 3d | 22:15 |
| Glænýja testamentið IS SUB | 20:00 | 99 homes IS SUB | 22:00 |

GUÐ ER TIL HANN BÝR Í BRUSSEL
GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ

# Heitir dagar

## Fyrir heimilin í landinu

Stílfögur eldhústæki frá AEG
sem gera gott eldhús betra

**22%** afsláttur af öllum AEG ofnum



**2 LÍNAN**

BE2000001-M

*Fjölkerfa blástursofn án rafeinda-klukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og umgengni. Litur: Stál.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 89.900,-*
***Heitir dagar: 70.120,-***



**3 LÍNAN**

BE3002401-M

*Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litur: Stál og hvítur.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 109.900,-*
***Heitir dagar: 85.720,-***



**5 LÍNAN**

BE5304401-M

*Fjölkerfa blástursofn með inn-byggðum kjöthitamæli og hrað-hitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litur: Stál, hvítur og svartur.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 139.900,-*
***Heitir dagar: 109.120,-***



**8 LÍNAN**

BS831410S-M

*Fjölkerfa blástursofn með inn-byggðum kjöthitamæli og sjálf-hreinsikerfi. Sérstaklega þægi-legur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 219.900,-*
***Heitir dagar: 171.520,-***

## 22% afsláttur
## af öllum AEG helluborðum

HK634000XB




**SÉRTILBOÐ**
á þessu vinsæla
57 cm helluborði
með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

**Verð nú**
**kr. 69.900,-**

## 30-40% afsláttur
## af öllum háfum frá Airforce




### Eyjuháfar · Veggháfar

*Gott úrval af Airforce vegghháfum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.*
*Háfarnir eru uppsettir hjá okkur, svo sjón er sögu ríkari.*

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opið virka daga kl. 10-18**
**og á laugardögum**
**kl. 11-15.**

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# DAGSKRÁ

# mánudagur



20:35

**HINDURVITNI**

Magnaðir þættir í umsjá Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar þar sem við fáum að kynnast þekktum þjóðsögum víðsvegar um landið. Í þessum þætti fræðumst við um drauga. Eru draugar framliðið fólk sem á óuppgerðar sakir við eftirlifendur?

SKEMMTILEGUR MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

19:25

**GRAND DESIGNS**

Kevin McCloud fylgir útvöldu fólki eftir við að byggja draumahúsið og þar er drifkraftur og framúrstefnulegur arkitektúr allsráðandi.



20:45

**PROOF**

Vandaðir dramaþættir um lækni sem rannsakar hvað gerist eftir að fólk kveður þennan heim. Aðalhlutverk leikur Jennifer Beals.



21:30

**THE KNICK**

Læknavísindin voru ekki langt á veg komin á Knickerbocker sjúkrahúsinu í upphafi 20. aldar og yfirskurðlæknirinn var háður eiturlyfjum.




22:30

**THE LEFTOVERS**

Skyndilega hverfur stór hópur fólks sporlaust af jörðinni og við fylgjumst með þeim sem eftir verða. Frábærir þættir úr smiðju HBO.




22:00

**THE LAST STAND**

Spennumynd um hættulegasta og eftirsóttasta eiturlyfjabaróninn í hinum vestræna heimi. Aðalhlutverk leikur Arnold Schwarzenegger.



Krakkastöðin 19:00

**HAPPY FEET**

Hugljúf og falleg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegum lögum og flottustu mörgæsadönsum sem sést hafa.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.01 Waybuloo
07.20 Kai Lan
07.40 Scooby-Doo! Mystery Inc.
08.05 The Middle
08.25 Hot in Cleveland
08.50 2 Broke Girls
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Back in the Game
10.40 Um land allt
Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.
11.00 Matargleði Evu
11.25 Baby Daddy
11.50 Harry's Law
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
13.40 American Idol
15.05 Dallas
15.50 Pretty Little Liars
16.35 Scooby-Doo! Mystery Inc.
16.55 How To Live With Your Parents for the Rest of your Life
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag.
19.25 Grand Designs
20.15 Hindurvitni
20.45 Proof
21.30 The Knick
22.30 The Leftovers
23.25 The Big Bang Theory
23.45 Empire
00.30 Public Morals
01.15 The Strain
02.00 Bones
02.45 Forever
03.30 Loss of a Teardrop Diamond
05.10 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

07.00 Formúla 1 2015
09.20 Dominos-deild kvenna 2015/2016
10.45 Ítalski boltinn 2015/2016
12.25 Ítalski boltinn 2015/2016
14.05 League Cup 2015/2016
15.45 Dominos-deildin 2015/216
17.15 Körfuboltakvöld
18.30 Spænsku mörkin 2015/2016
19.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
19.25 NFL 2015/2016
21.45 Formúla 1 2015
00.05 UFC Now 2015

## SPORT 2

07.00 Premier League 2015/2016
08.40 Premier League 2015/2016
12.40 Premier League 2015/2016
14.20 Premier League 2015/2016
16.00 Premier League 2015/2016
17.40 Premier League 2015/2016 .
19.20 Football League Show 2015/16
19.50 Premier League 2015/2016 (Tottenham - Aston Villa)
Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Messan
23.15 Football League Show 2015/16
23.45 Premier League 2015/2016
01.25 Messan

## GOLFSTÖÐIN

09.00 Turkish Airline Open
14.00 Inside The PGA Tour 2015
14.25 Turkish Airlines Open
19.25 Golfing World 2015
20.15 Turkish Airlines Open

## STÖÐ 3

17.30 Cristela
17.55 One Born Every Minute
18.45 Pretty Little Liars
19.30 Who Do You Think You Are?
20.15 Hell's Kitchen
21.05 My Dream Home
21.55 The Mysteries of Laura
22.40 Vampire Diaries
23.25 Witches of East End
00.10 Who Do You Think You Are?
00.55 Hell's Kitchen
01.40 My Dream Home
02.30 The Mysteries of Laura
03.15 Vampire Diaries
04.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Ævintýri Tinna
07.23 Brunabílarnir
07.47 Latibær
08.00 Ljóti andarunginn og ég
08.25 Lukku-Láki
08.47 Ævintýraferðin
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.45 Doddi litli og Eyrnastór
09.55 Leyndarmál vísindanna
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveins
10.49 UKI
10.54 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Ævintýri Tinna
11.23 Brunabílarnir
11.47 Latibær
12.00 Ljóti andarunginn og ég
12.22 Lukku-Láki
12.44 Ævintýraferðin
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.45 Doddi litli og Eyrnastór
13.55 Leyndarmál vísindanna
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveins
14.49 UKI
14.54 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Ævintýri Tinna
15.23 Brunabílarnir
15.47 Latibær
16.00 Ljóti andarunginn og ég
16.22 Lukku-Láki
16.44 Ævintýraferðin
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.45 Doddi litli og Eyrnastór
17.55 Leyndarmál vísindanna
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveins
18.49 UKI
18.54 Rasmus Klumpur og félagar
19.00 Happy Feet

## GULLSTÖÐIN

17.20 Two and a Half Men
17.45 Friends
18.10 New Girl
18.35 Modern Family
19.00 Super Fun Night
19.25 Sjálfstætt fólk
20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel
20.40 Sisters
21.30 Klovn
22.00 The 100
22.45 Dallas
23.30 Fringe
00.15 Super Fun Night
00.40 Sjálfstætt fólk
01.05 Eldsnöggt með Jóa Fel
01.35 Sisters
02.25 Klovn
02.50 The 100
03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

11.10 Jane Eyre
13.10 Family Weekend
14.55 LOL
16.35 Jane Eyre
18.35 Family Weekend
20.20 LOL
22.00 The Last Stand
23.50 Beautiful Boy
01.30 Killing Them Softly
03.20 The Last Stand



## RÚV

17.15 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Hvolpasveitin
18.19 Um hvað snýst þetta allt?
18.24 Loppulúði, hvar ertu?
18.38 Skúli skelfir
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Burma-leiðangurinn 2.3
21.00 Brúin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Siðareglur í Downton Abbey
23.15 Scott og Bailey
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.45 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Design Star
09.50 Million Dollar Listing
10.35 Pepsi MAX tónlist
13.25 Cheers
13.50 Dr. Phil
14.30 The Office
14.55 Scorpion
15.40 America's Funniest Home Videos
16.05 Bundesliga Highlights Show
17.00 Reign
17.45 Dr. Phil
18.25 The Tonight Show with Jimmy Fallon
19.05 The Late Late Show with James Corden
19.45 Younger
20.10 Kitchen Nightmares
21.00 Hawaii Five-0
21.45 CSI. Cyber
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Bundesliga Highlights Show
00.45 Blood & Oil
01.30 Ray Donovan
02.15 Hawaii Five-0
03.00 CSI. Cyber
03.45 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.25 The Late Late Show with James Corden
05.05 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

LG
Life's Good

# ULTRA HD HÁSKERPU SJÓNVÖRP



**TILBOÐ** 49"
**199.990**
FULLT VERÐ **249.990**

**TILBOÐ** 55"
**239.990**
FULLT VERÐ **299.990**

**TILBOÐ** 65"
**369.990**
FULLT VERÐ **499.990**

IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · True Black Control · DVB T2 · TRIPLE XD · LG Cloud · webOS 2.0

**LG 49/55/65UF800**
Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1800Hz 1500PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Triple XD Engine / Ultra Clarity Index. ULTRA Luminance / Tru Black Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn netvafri. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. apt-X Bluetooth. Sound Sync Wireless. 4K HEVC þjöppun. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB 2.0 og USB 3.0. 3 x HDMI tengi. App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur. Magic Remote fjarstýring fylgir.

Sound Designed by harman/kardon

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LG
Life's Good

# Er hægt að drepa kaktusa?



Sífellt fleiri kjósa að skreyta híbýli sín með lifandi plöntum. Fyrir mörgum getur þó vafist að halda þeim á lífi til lengri tíma og dauð planta er víst engin sérstök híbýlaprýði.

Kaktusar eru oft sagðir ódrepandi og eru meðal harðgerustu inniplantna sem völ er á. Fólk sem fékk ekki græna fingur í vöggugjöf eða hefur einfaldlega lítinn tíma á milli handanna til þess að stússast í umhirðu og vökvun en vill samt sem áður gera grænna, gæti því brugðið á það ráð að skella þessum eyðimerkurplöntum upp í stofunni. Vissulega er talsvert auðveldara að halda lífi í þeim en mörgum öðrum inniplöntum en til þess að þær njóti sín sem best og skarti sínu fegursta eru samt sem áður ákveðin atriði sem hafa skal í huga við umhirðu þeirra.

**Hvað eru kaktusar?**

Kaktusar eru eyðimerkurplöntur og eiga rætur sínar að rekja í grýttar eyðimerkur Ameríku þó nú finnist þeir um allan heim. Þeir eru yfirleitt ekki með blöð, örfáar tegundir hafa örsmá blöð sem yfirleitt falla þegar þeir taka að þroskast. Bolurinn og stöngullinn hefur tekið að sér hlutverk blaðanna og þar má finna blaðgrænuna. Kaktusar eru stöngulsafaplöntur, safna vatni í stöngulinn til þess að geta lifað af mikla þurrka líkt og einkenna oft á tíðum hin upprunalegu heimkynni þeirra. Allir kaktusar eru þykkblöðungar en hins vegar eru ekki allir þykkblöðungar kaktusar.

Eitt af einkennismerkjum kaktusa eru þyrnarnir, enda kannast sjálfsagt margir við það að stinga sig á kaktus, en þyrnarnir eru afleiðing þess að plantan hefur aðlagað sig að eyðimerkurloftslagi og blöðin hafa í gegnum tímans rás breyst í þyrna. Hlutverk þyrnanna er að verja plöntuna fyrir ágengum dýrum. Einnig eru sumir kaktusar með eins konar hár, til dæmis öldungurinn, sem verja þá gegn sterkum sólargeislum.

Vaxtartímabil katusa er yfir sumartímann og verða þeir þá að vera á björtum og sólríkum stað. Þeir þurfa talsverða birtu og þeir þola vel að standa í björtum glugga. Á veturna eru kaktusarnir í hvíld og geta þá staðið á svalari stað. Líkt og með aðrar pottaplöntur er mikilvægt að láta kaktusana ekki standa of nærri hitagjafa, eins og til dæmis miðstöðvarofnum.

Kaktusar þurfa vel loftræsta mold sem er ekki of þétt í sér svo að frárennsli af vatni sé gott. Moldin þarf að vera blönduð með til dæmis vikri eða sandi, hægt er að fá fyrirfram blandaða mold í blómabúðum og garðyrkjustöðvum en einnig er hægt að blanda moldina sjálfur.

**Vökvun**

Yfir sumartímann þarf að vökva kaktusana reglulega og ágætt er að miða við að vökva þá einu sinni í viku og gera það þá almennilega. Ef vökvað er oftar og lítið í einu er hætt við að einungis efsta lag moldarinnar blotni. Yfir vetrartímann eru kaktusarnir í hvíld og þá þarf ekki að vökva þá eins oft og enn minna ef þeir eru færðir á kaldan stað yfir veturinn.

**Umpottun** Þegar umpottað er skal varast að færast of mikið í fang og setja kaktusana í of stóra potta. Miða skal við að færa þá upp um eina til tvær pottastærðir þegar umpottað er. Litla kaktusa er ágætt að umpotta að minnsta kosti annað eða þriðja hvert ár og stærri plöntur þurfa nýja mold þriðja til fjórða hvert ár. Gæta þarf þess vel að skemma ekki rætur eða þyrna þegar umpottað er. Þyrnarnir geta stungið talsvert við umpottun og gott getur verið að vefja dagblaði eða mjúkri tusku utan um kaktusinn þegar hann er tekin úr pottinum. Einnig skal gæta þess að göt séu í botninum á pottinum svo vatn liggi ekki á rótum plötunnar.

gydaloa@frettabladid.is







# Trendið
## Hártoppar, aftur og nýbúnir


Zooey Deschane


Kate Middleton


Leticia Dolera


Michelle Williams


Sondra Theodore og Jeana Tomasino 1980

Hártoppar, eða bangs eins og orðið útleggst á frummálinu, sækja enn og aftur að tískudrósum. Munurinn á þeim í þetta skiptið og áður, er sá að hann má gjarnan skiptast í miðju, eða píku eins og stundum er sagt, sem er þvert á það sem hingað til hefur verið við lýði. Þannig er sjöundi áratugurinn að birtast okkur í hárinu, en hann virðist ætla öllu að tröllríða þegar kemur að svo gott sem öllum öðrum vinklum tískunnar, hvort sem er í skóm eða kápum.


Árið 1961

Eins og áður sagði er toppurinn allt nema nýr undir sólinni, en hann hefur alltaf dottið inn og út með nokkuð reglulegu millibili. Það er eiginlega ekki hægt að tala um hártoppa án þess að draga tískugyðjurnar Jane Birkin og Brigitte Bardot inn í málið, en þær hafa sportað hártoppnum með slíkum árangri að heilu kynslóðirnar hafa skapað hugrenningatengsl þar á milli. Elizabeth Taylor heitin átti líka sinn sprett, en toppurinn sem hún skartaði í hlutverki sínu sem Cleopatra gleymist seint.


Árið 1971

Einhver gæti prísað sig sælan fyrir að topptíska níunda áratugarins á ekki afturkvæmt um þessar mundir, en þá þótti langfallegast að hafa í honum hressandi liði. Að ógleymdum tjásuðum lufsum aldamótatoppanna. Í ljósi hringiðutakts tískunnar má þó allt eins eiga von á að bresti á með slíku áður en langt um líður.


Árið 2000





**Blái naglinn hefur hafið fjársöfnun fyrir erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítalans.**

Sérfræðingar eru flestir sammála um að leitin að auðveldari greiningu og lækningu á krabbameini sé komin á nýtt stig og að framundan sé bylting í baráttunni við krabbameinsvána. Til að auðvelda þessa jákvæðu þróun í krabbameinsrannsóknum hefur Blái naglinn hafið samstarf við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítalans um kaup á tækjabúnaði.

**Samstarf Bláa naglans og Landspítalans**
Markmið samstarfsins er m.a. að búa til skimunarpróf sem getur greint mismunandi krabbamein í líkamsvökvum og að hægt verði að framkvæma þetta próf með eins einföldum og ódýrum hætti og frekast er unnt.

Tekið yrði blóðsýni og það rannsakað. Í þessari nýju greiningu yrði mögulegt að finna vísbendingar um hvort einstaklingurinn sé að þróa með sér krabbamein eða ekki. Ef hægt verður að sjá breytingar sem væru byrjun á krabbameini – sem ekki hefði enn valdið líkamlegum einkennum – þá væri hægt að bregðast við fyrr með frekari rannsóknum og í framhaldinu, viðeigandi meðferð.

**Þú getur lagt þitt af mörkum með því að leggja fé til átaksins, í styrktarsjóð Bláa naglans, fé sem rennur í lok ársins til erfða- og sameindalæknisfræðideildar Landspítalans.**

Reikningsnúmer styrktarsjóðs Bláa naglans:
537-14-350-350 (Kennitala: 450700 3390)

Blái naglinn er átak sem snýst um vitundarvakningu um krabbamein á Íslandi.

LANDSPÍTALI

BLÁI NAGLINN

DORMA
Láttu drauminn rætast

Við eigum afmæli og nú er veisla




STILLANLEGT HEILSURÚM
með Shape heilsudýnu



| Stærð cm. | Dormaverð Shape og C&J silver |
|---|---|
| 2x80x200 | 349.900 |
| 2x90x200 | 369.900 |
| 2x90x210 | 389.900 |
| 2x100x200 | 389.900 |
| 120x200 | 199.900 |
| 140x200 | 224.900 |

• Inndraganlegur botn • Tvíhert stál í burðargrind • Hljóðlátur mótor
• 2x450 kg lyftimótorar • Hliðar- og endastopparar • Viðhaldslaus mótor

REST heilsurúm



25% AFSLÁTTUR af 100 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 100x200 cm.
Fullt verð: 72.900 kr.
Aðeins 54.675 kr.

• Svæðaskipt pokagormakerfi • Burstaðir stálfætur • 320 gormar pr fm²
• Sterkur botn • Góðar kantstyrkingar

COMFORT heilsurúm



25% AFSLÁTTUR af 180 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 164.900 kr.
Aðeins 123.675 kr.

• Svæðaskipt pokagormakerfi • Burstaðir stálfætur • 320 gormar pr fm²
• Sterkur botn • Steyptar kantstyrkingar

TVENNUTILBOÐ
dúnsæng + koddi

O&D dúnsæng – Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.




AFMÆLIS-TILBOÐ
Aðeins 19.900 kr.

Holtagörðum 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri 558 1100
Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10–18
Laugardaga frá kl. 11–16
www.dorma.is
DORMA Láttu drauminn rætast



Melkorka Sigríður Magnúsdóttir er gríðarlega ánægð með að vinna með Helga. MYND/AÐSEND

# Hreyfir nú loksins við öðrum en sjálfri sér

Hljómsveitin Milkywhale hefur vakið athygli. Helgi Sæmundur úr Úlfi Úlfi endurhljóðblandar vinsælasta lag sveitarinnar. Færri þekkja þá hlið á Helga sem semur lög og takta.

Hljómsveitin Milkywhale hefur vakið athygli margra undanfarna mánuði. Sveitin sendi frá sér lagið Birds of Paradise í ágúst sem var vel tekið. Nú hefur taktsmiðurinn og rapparinn Helgi Sæmundur Guðmundsson, úr sveitinni Úlfur Úlfur, endurhljóðblandað lagið og kemur það út í dag. „Okkur finnst auðvitað ótrúlega gaman að fá hæfileikabúnt eins og Helga til þess að endurhljóðblanda lagið okkar," segir Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, annar meðlima Milkywhale. Hinn meðlimurinn er Árni Rúnar Hlöðversson, kenndur við FM Belfast.

## Taktsmiðurinn Helgi

Helgi Sæmundur er þekktur fyrir afrek sín í rappheiminum, en færri vita líklega að hann hefur einnig gert takta fyrir fjölda rappara. Hann gerði auðvitað taktana á plötu Úlfs Úlfs, sem ber titilinn Tvær plánetur og hefur fengið stórgóðar viðtökur. Hann gerði einnig taktana í lögunum Nýju fötin keisarans með Emmsjé Gauta, Fyrirliðinn með Erpi Eyvindarsyni og Ógeðsleg með Reykjavíkurdætrum. „Ég byrjaði tæknilega séð að gera takta þegar ég var þrettán eða fjórtán ára," segir Helgi, sem er frá Sauðárkróki.

## Ekki auðvelt aðgengi að töktum

Kannski á málshátturinn „neyðin kennir naktri konu að spinna" vel við í tilviki Helga Sæmunds. „Ég byrjaði að gera takta á svipuðum tíma og ég byrjaði að rappa. Það var ekki auðvelt aðgengi að töktum á Sauðárkróki, þannig að ég þurfti að gera lögin mín sjálfur. Ég byrjaði að vinna á gamalt hljómborð sem pabbi átti," útskýrir Helgi sem er sjálflærður á ýmis hljóðfæri. Hann var til að mynda hljómborðsleikari í sveitinni Bróðir Svartúlfs, sem hann og Arnar Freyr Frostason voru í áður en þeir stofnuðu Úlf Úlf.

Athygli vekur að Helgi semur stefin í tökum sínum sjálfur, en hefur lítið notast við „sömpl" eins og tíðkast gjarnan í rappinu. „Ég spila þetta allt sjálfur. En langar að nota „sömpl" meira og er svolítið að vinna í því."

## Langaði að vinna með Árna

Hugmyndin að Milkywhale kviknaði þegar Melkorka og Árni unnu saman að verkefni í Borgarleikhúsinu. „Þá spurði ég hann hvort hann vildi vinna með mér í öðru verkefni. Ég reyndi eiginlega að dulbúa það sem eitthvað leikhústengt, en svo varð þetta að hljómsveit. Mig hafði lengi langað að vinna með Árna," útskýrir Melkorka Sigríður. Hún segir samstarfið ganga mjög vel. „Við erum ánægð með hvar við erum. Við erum búin með drög að sjö lögum. Við erum búin að vera að semja „hittara" heima í stofunni hjá Árna. Við eigum eftir að koma þeim út og gera meira úr þeim, en við höfum verið að spila þau á tónleikum." Segja má að samstarf Helga og Melkorku hafi byrjað á útgáfutónleikum Úlfs Úlfs. „Ég söng bakraddir á útgáfutónleikum þeirra. Þannig hófst okkar samstarf. Og það er ákaflega ánægjulegt að hann ætli að koma að Milkywhale með þessum hætti. Hann er algjört hæfileikabúnt, þessi maður. Hann er ótrúlega fjölhæfur listamaður," segir Melkorka, sem er dansari og danshöfundur, en vekur nú athygli fyrir sönghæfileika. „Já, ætli það megi ekki segja að ég hafi verið orðin dálítið þreytt á að hreyfa mig – mig var farið að langa að hreyfa við öðrum," útskýrir hún og hlær.

kjartanatli@frettabladid.is



Helgi er þekktur rappari í Úlfi Úlfi en fæstir vita af honum bak við tjöldin

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


GEGGJAÐ TILBOÐ!
pepsi
Gos* 0,5 l og samloka.....429 kr.
Gos* 0,5 l og langloka.....529 kr.
*Pepsi, Pepsi Max, Kristall Mexican Lime, Mountain Dew og Appelsín
24
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Hauks Viðars Alfreðssonar




## Passa sig

Það er mikil frjósemi í kringum mig þessa dagana og liggur við að önnur hver kona nálægt mér sé ólétt eða nýbúin að eiga. Ég á 50% í einu þessara væntanlegu barna og er því eðlilega með þetta svolítið á heilanum. Og það er alveg ótrúlegt hvað margir eru enn ekki búnir að læra af ótal sjónvarpsþáttum, bíómyndum og munnmælasögum, sem segja frá gasprandi fábjánum sem segja eitthvað óviðeigandi við óléttar konur og uppskera þannig fyrirlitningu allra nærstaddra.

Þegar þú segir óléttri konu að hún sé nú „komin með svakalega kúlu“ heyrir hún: „Það er eins og þú hafir gleypt strandbolta.“ Þegar þú segir óléttri konu að þú hafir haldið að hún væri nú „komin aðeins lengra“ heyrir hún: „Þú lítur út eins og Meat Loaf, ef hann væri nýbúinn að gleypa Gaua litla.“

Það er nóg annað hægt að tala um. Veðrið, ríkisstjórnina, ástandið í Mið-Austurlöndum. Já, eða bara um barnið sem er á leiðinni frekar en að ólétta konan uppfylli nú ekki ströngustu kröfur veruleikafirrts samfélagsins um útlitslega fullkomnun. Það er aldrei gott umræðuefni. Og þó hún láti eins og henni finnist það allt í lagi, þá eru töluverðar líkur á að hún sé að feika það til að vera ekki dónaleg, þó að þú hafir hér um bil líkt henni við skemmtiferðaskip.

Með þessu er ég ekki að segja að óléttar konur séu vesalingar sem eigi að pakka inn í bómull og halda fjarri umheiminum fram yfir meðgöngu. En bara að hugsa áður en maður talar. Bráðum munu þær þurfa að nota alla sína uppsöfnuðu hörku til að þrýsta hlut á stærð við amerískan fótbolta út um líkamsop litlu stærra en nasirnar á þér. Þá var nú gott að þær eyddu ekki hluta af henni í að segja þér að hoppa upp í rassgatið á þér.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

UMHVERFISMERKI
141 381
Prentgripur
FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR !
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234

KING KOIL.
MORENA FIRM OG SUMMER GLOW HEILSUDÝNURNAR





SUMMER GLOW
Millistíf / Mjúk (Queen Size 153x203 cm)
MORENA FIRM
Millistíf / Stíf (Queen Size 153x203 cm)
Fullt verð 278.711 kr.
TILBOÐSVERÐ 195.098 kr.
ARGH!!! 021115
KYNNTU ÞÉR NÝJU LÍNUNA FRÁ
WORLD LUXURY
KING KOIL





King Koil dýnurnar eru hannaðar
í samstarfi við Alþjóðasamtök kírópraktora
(ICA International Chiropractors Association)
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16